



Ríkisstjórnin kynnti í gær stórhertar sóttvarnaraðgerðir í kjölfar fjölgunar smita. Tíu manna samkomubann tók gildi á miðnætti, sem mun gilda í þrjár vikur hið minnsta. Ein stærsta fermingahelgin er fram undan og hefur flestum veislum verið frestað. Þá hafa páskaferðalög landsmanna verið slegin af og skiði og annað aftur komið inn í geymslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ekki spurt um sóttkvíarbrot við gosið

Stórhertar sóttvarnaraðgerðir munu gilda næstu þrjár vikurnar. Grunn-, framhalds-, tónlistar- og háskólum, sem og starfsemi sem rúmast ekki innan fjöldatakmarkana, verður lokað. Ekki er sérstaklega fylgst með erlendum ferðamönnum sem kíkja á eldgosíð.

COVID-19 „Við höfum ekki verið með augun á því að athuga hvort fólk ætti að vera í sóttkví, alla vega ekki hingað til,“ segir Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, um erlenda ferðamenn sem heimsótt hafa gosstöðvarnar í Geldingadöllum.

Fjölmarginir erlendir ferðamenn hafa verið við gosstöðvarnar, ferðamenn frá öllum heimshornum. Á þriðjudag voru þar til dæmis þrjú ungir menn frá Filippseyjum, sem sögðu blaðamanni Fréttablaðsins að þeir hefðu komið sérstaklega

til að upplifa gosið, sem hófst tæpum fjórum sólarhringum fyrr. Aðspurðir sögðust þeir hafa lokið sóttkví, sem á að vara í fimm daga eins og kunnugt er.

Hertar reglur um sóttvarnarráðstafanir tóku gildi í gær, sem byggjast á tillögum Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis, vegna hópsýkinga innanlands að undanförunu, til að sporna gegn frekari útbreiðslu veirunnar.

Hópsýkingarnar eru allar af völdum breska afbrigðisins, sem er sagt mun meira smitandi en flest



Lögreglan að störfum á Suðurstrandarvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

önnur afbrigði veirunnar og veldur enn frekar alvarlegum veikindum. Landspítalinn var þannig færður yfir á neyðarstig í nótt.

Í minnisblaði sóttvarnalæknis segir að greindum smitum á landamærum hafi fjölgað. Suma daga hafa allt að tíu greinst með virk smit. Takmarkað eftirlit er með ferðamönnum sem koma hingað til lands og eiga að fara í sóttkví, en margir þeirra stoppa á Suðurstrandarvegi og ganga að gosstöðvunum. Úlfar lögreglustjóri segir lögreglu-

menn á vakt á Suðurstrandarvegi ekki geta spurt hvern einasta ferðamann hvort hann eigi að vera í sóttkví, áður en hann leggur af stað í gosgönguna. Hann viti ekki til þess að vandamál þessu tengd hafi komið upp við gosstöðvarnar.

Stemningin í brekkunni í Geldingadöllum minnir óneitanlega á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og þótt flestir virðist reyna að viðhalda tveggja metra fjarlægð eru fáir með grímur, fyrir utan björgunarsveitarfólk sem hefur borið gasgrímur. Sjá síðu 4 – ilk, bb

Mmm ...
ananas
bestur núna!

Krónan
mælir með!

KRÓNAN



Rauðagerðismálið teygir anga sína víða. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tveir aðilar í tíu vikna farbann

LÖGREGLUMÁL Tveir voru í gær úrskurðaðir í tíu vikna farbann í Héraðsdómi Reykjavíkur að kröfu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í þágu rannsóknar hennar á manndrápi í Rauðagerði í síðasta mánuði.

Samkvæmt tilkynningu Lögreglunnar höfðu báðir áður sætt gæsluvarðhaldi, en ekki var lögð fram krafa um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir þeim.

Lögreglan verst enn allra fréttar og segir að ekki sé hægt að veita frekari upplýsingar um málið að svo stöddu. – bb

Skynfærin virkjuð í nýrri laug í Ármúla



Ný svonefnd skynörvunarlaug var vígð í sérnámsbraut Fjölbrautaskólans við Ármúla við hátiðlega athöfn í gær. Gerð laugarinnar var styrkt af Kiwanisklúbbnum Kötlu. Hún gerir iðkendum laugarinnar kleift að örva skynfærin, meðal annars með ljósum, litum og hljóðum. Með því mun laugin hjálpa notendum laugarinnar að einblína á orku sína, bæta samskipti og skapa sterkari skilning á eigin styrkleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skipverjunum veitt aðhlyning eftir þörfum

COVID-19 Í tilkynningu frá lögreglunni á Austurlandi í gær kom fram að í COVID-19 sýnatöku mánuðagsins í brasilíska súrálsskipinu komu sömu niðurstöður og um helgina. Tíu skipverjar reyndust smitaðir af kórónaveirunni en þeir níu sem reyndust neikvæðir eru enn ósmitaðir. Umræddir níu skipverjar reyndust heldur ekki með mótefni.

Í heimalandi súrálsskipisins er neyðarástand vegna kórónaveirufaraldursins. Rúmlega tólf milljónir hafa greinst með kórónaveiruna þar í landi, en aðeins Bandaríkin hafa greint fleiri tilfelli.

Í tilkynningunni kemur fram að vel sé fylgst með áhafnarmedlimum og þeim veitt aðhlyning eftir þörfum. Í hádeginu í gær fóru lækni og hjúkrunarfræðingar um borð til að taka stöðuna á skipverjunum. Þeir eru smitaðir af afbrigði kórónaveirunnar sem er kennt við Brasilíu en enginn þeirra hefur sýnt einkenni

» Niutíu þúsund greindust með COVID-19 smit á einum degi í Brasilíu í síðustu viku.

Þess að veikindin séu alvarleg og hefur því ekki verið talin þörf á því að flytja einstaklinga frá borði til frekari aðhlyningar.

Smitin um borð í skipinu eru fyrstu tilfelli af brasilíska afbrigðinu sem greinst hafa hér á landi, en samkvæmt Kára Stefánsyni er talið að meiri smithætta stafi af afbrigðinu.

„Það er álitid að það sé mjög smitandi og mjög erfitt. Ég veit ekki hversu vel það hefur verið staðfest. Það er ekki jafn vel staðfest eins og með breska afbrigðið, en fólk virðist standa meiri stuggur af þessu brasilíska,“ segir Kári. – kpt

Blóðbankastarfsfólk bíður eftir bóluefni

Bólusetja átti 60 starfsmenn Blóðbankans í þar síðustu viku en ákvörðun um að stöðva notkun bóluefnis AstraZeneca olli frestun á því. Tekist hefur að vernda starfsemina í öllum faraldrinum og blóðgjafar hafa brugðist vel við.

HEILBRIGÐISMÁL Starfsfólk Blóðbankans hefur enn ekki fengið bólusetningu, þrátt fyrir að vera í framlinu heilbrigðisþjónustu. Til stóð að bólusetja hópinn, sem telur um 60 manns, í þar síðustu viku, en stöðvun bólusetningar með efni AstraZeneca olli töfum.

„Það sem við höfum haft hvað mestar áhyggjur af í faraldrinum er að starfsfólk sé frískt og geti sinnt sínum störfum. Við höfum verið gæfusöm hvað það varðar hingað til,“ segir Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir bankans. „Það eru vonbrigði að bólusetningar séu ekki komnar lengra.“

Sveinn segir að starfsfólk Blóðbankans verði bólusett í næsta áfanga. Hann segir að horft sé til þess með tilhlökkun því starfsemin sé viðkvæm og því þurfi starfsfólk að geta tekið á móti blóðgjöfum.

Í upphafi faraldursins voru áhyggjur af að blóðgjafar myndu ekki skila sér, en þá voru dæmi um 30 til 40 prósent minnkun erlendis. Minnkunin hér er um 10 prósent á árinu, sem er sambærilegt við mörg önnur lönd, en vegna frestunar á valkvæðum aðgerðum hafi forðinn aldrei farið niður fyrir öryggismörk.

Passað sé upp á að innflæði blóðgjafa sé í jafnvægi við þörfina. Blóðhlutanotkun hefur skipulega verið minnkuð á undanföllum árum með nýjum klínískum leiðbeiningum til heilbrigðisstarfsfólks. „Okkur hefur tekist að minnka notkunina um þriðjung á tíu árum. Blóð er dýrmæt afurð sem ber ekki að nota nema þörf sé á.“

Sú breyting hefur orðið að blóðgjafar þurfa nú að bóka sig í tíma og keyrsla blóðbankabilsins hefur verið stöðvuð. „Íslenskir blóðgjafar



Í faraldrinum hefur blóðgjöfum fækkað um tíu prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Það eru vonbrigði að bólusetningar séu ekki komnar lengra.

Sveinn Guðmundsson yfirlæknir Blóðbankans



hafa brugðist við með lofsverðum hætti. Við höfum lagt mikla áherslu á að fólk finni fyrir því að hugað sé vel að sóttvörnum.“

Aðspurður um COVID-smitaða og blóðgjöf segir Sveinn að hægt sé að gefa blóð 28 dögum eftir lok einkenna. Eftir bólusetningu, eða lok hugsanlegra einkenna af henni, þurfi að bíða í tíu daga. Hann ítrek-

ar þó að rannsóknir sýni að COVID-19 smitist ekki með blóði og biðin sé varúðarráðstöfun.

Blóðgjafar eru nú um sex þúsund talsins og Blóðbankabíllinn hefur gegnt lykilhlutverki til að ná til nýrra blóðgjafa. Rýmið þótti of þröngt til þess að forsvaranlegt þætti að nota hann á tímum sóttvarnataka markana og mun það velta á stöðu bólusetninga í landinu hvernær hægt verður að nota hann á ný.

Billinn, sem var gjöf Rauða krossins árið 2002, hefur bílad margoft á undanföllum árum og er því kominn tími á fjárveitingu til nýs Blóðbankabils, sem muni þó kosta nokkra tugi milljóna króna. „Billinn hefur þjónað okkur vel en er orðinn barn síns tíma og brýnt að fá nýjan,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFIS STOFNUN

ÚTIRÆKTUN Á ERFÐABREYTTU BYGGI

Leyfistillaga og rafrænn kynningarfundur

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að leyfi fyrir ORF Líftækni hf. til útiræktunar á erfðabreyttu byggi í Gunnarsholti í Rangárbíngi ytra.

Hægt er að sjá leyfistillöguna og frekari upplýsingar um starfsemina á vefsíðu stofnunarinnar.

Haldinn verður kynningarfundur rafrænt í gegnum Teams á morgun föstudaginn 26. mars kl 13:00 til 14:00.

Nánari upplýsingar má sjá í frétt á umhverfisstofnun.is

STYRKIR TIL GÓÐRA VERKA!

Á sviði umhverfis- og útivistarmála

Umsóknarfrestur er til
12. apríl 2021.
Umsóknum skal skilað
rafrænt á Pokasjodur.is.



POKASJÓÐUR

Pokasjodur.is

Pokasjóður verslunarinnar var stofnaður árið 1995 og frá þeim tíma hefur sjóðurinn úthlutað samtals 3.000 milljónum til margvíslegra verkefna um land allt. Nú, 26 árum síðar er hins vegar komið að leiðarlokum og af því tilefni hefur verið ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrki sem afhentir verða á árinu 2021.

Fyrst og fremst er horft til verkefna á sviði umhverfis- mála og útivistar. Starfandi félög eða félagasamtök sem vinna að metnaðarfullum verkefnum á þessum tveimur sviðum eru hvött til að sækja um á Pokasjodur.is en frekari upplýsingar er þar að finna. Umsóknum skal skilað inn fyrir 12. apríl 2021.

COVID-19




10

manns mega koma saman og ná til allra sem fæddir eru 2015 eða fyrr.



30

mega koma saman á athöfnum trú- og lífs-skóðunarfélaga.



0

mega koma saman í sundi, heilsu- og líkamsræktarstöðvum, leikhúsum, bíóhúsum, skemmtistöðum, krám og spilasólum.



20

mega vera í rými á veitingastöðum sem geta haft opið til klukkan 22. Heimilt er að taka á móti nýjum gestum til klukkan 21.00.



50

mega vera inni í verslunum. Þar má taka á móti 5 einstaklingum á hverja 10 fermetra.

Andstaðan ánægð með aðgerðirnar

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
formaður Miðflokksins:

Sigmundur telur að reynslan sýni að best sé að treysta sérfræðingunum þegar kemur að aðgerðum um sóttvarnir, en furðar sig á því að ekkert sé rætt um skort á bólu-efnum. „Þar virðist ríkisstjórnin vera algjörlega ráðalaus, föst í kerfisræðinu og því að fylgja ótrúlegu bólufræðingum Evrópusambandsins.“



Hanna Katrín Friðriksson,

þingflokksformaður Viðreisnar:

„Við styðjum þessar aðgerðir, af þeirri einföldu ástæðu að það mikilvægasta sem við getum gert núna er að senda frá okkur einhver skilaboð um samstöðu,“ segir Hanna, en getur þó ekki leynt vonbrigðum með þá stöðu sem upp er komin. „Auðvitað eru vonbrigðin alveg fáránlega mikil, af því þetta þurfti alls ekki að fara svona.“



Logi Einarsson,

formaður Samfylkingarinnar,

telur að rétt sé að fara eftir tillögum sóttvarnalæknis til að kveða veiruna í kútnum. „Vonandi verður þetta til þess að við náum tökum á veirunni hratt og örugglega áður en hún dreifir of mikið úr sér, þannig að heilbrigðiskerfið okkar ráði við hana og við getum notið meira frelsis í vor og sumar.“



Lista- og íþróttafólk vonsvikið

Með nýjustu aðgerðum stjórnvalda er ljóst að allt íþrótt- og leiklistarlíf mun stöðvast. Fulltrúar úr þessum greinum sammælast um að þetta sé áfall en af fyrri reynslu sé auðveldara að taka ákvörðuninni.

COVID-19 „Þetta er er ákveðið áfall en þetta er búið að vera svona í rúmt ár og við erum orðin ýmsu vön. Lista- og íþróttafólk er, eins og allir landsmenn, orðið þreytt á þessu ástandi, en eru útsjónasamur hópur og neita að láta slá sig niður. Við verðum að halda áfram að sýna þolinmæði það er ekkert annað í boði,“ segir Birna Hafstein, forseti Sviðslistasambands Íslands og formaður Félags íslenskra leikara og sviðslistafólks, aðspurð út í áhrif nýjustu aðgerðanna á störf þeirra.

Í aðgerðum stjórnvalda sem kynntar voru í gær segir að sviðslistir og sambærileg starfsemi verði gert að loka næstu þrjár vikur. Um leið var allt staðarnám í skólum á Íslandi stöðvað fram að páskafríi fyrir utan leikskólastarf sem fær að halda áfram.

Fyrir vikið verður öllum leikhúsum lokað og eru listamenn því komnir í biðstöðu á ný.

„Það er mikill aðstöðumunur á stofnunum og sjálfstætt starfandi hópum. Sjálfstæði geirinn sem er lang stærsti hópurinn er auðvitað í verulega erfiðri stöðu. Það er lítið starfsöryggi alla jafna í sviðslistum og þetta ástand bætir það ekki en alveg merkilegt að sjá hvernig stéttin tekst á við þetta ómögulega ástand. Þetta er rosalegt auka álag bæði fjárhagslegt og andlegt, listamenn hafa sýnt það í gegnum tíðina að þeir láta ekki bugast.“

Um leið var tilkynnt að allt íþróttalíf skyldi liggja niðri í þrjár vikur. KKÍ, KSÍ og HSÍ biðu ekki boðanna og aflýstu öllum leikjum, þar á meðal nokkrum leikjum sem áttu að fara fram í gær. Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, segir að sú ákvörðun hafi verið tekin í samvinnu. „Það fór allur vindur úr manni við að lesa þetta,“ segir hann, hreinskilinn um stöðu mála.

„Þetta eru mikil vonbrigði að



Krakkarnir í Fossvogsskóla fengu að kynna Korpusskóla í einn dag áður en skellt var í lás á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

mörgu leyti, við áttum von á því að stjórnvöld myndu rífa í handbremsuna en við vorum með veika von um að íþróttalíf á afreksstigi fengi að halda áfram. Þetta er kjaftshögg þótt að við sýnum þessu fullan skilning og stöndum með yfirvöldum.“

Hannes tók undir að það væri auðveldara að meðtaka þetta eftir að hafa gengið tilsvisar í gegnum þetta áður, en vonaðist til að fá viðræður um undanþágur.

„Við munum óska eftir viðræðum um að endurskoða bann á íþróttum á afreksstigi. Við höfum sýnt það í verki að þetta er hægt, fyrr í vetur.“
kristinnpall@frettabladid.is

Landspítali starfar nú á hættustigi

Landspítali hefur verið færður af óvissustigi og starfar nú á hættustigi. Það þýðir meðal annars að heimsóknir takmarkast við einn gest á dag til hvers sjúklings og má sá vera aðeins eina klukkustund í einu.

Á dag- og göngudeildum og öðrum meðferðarsvæðum gilda reglur um hámarksfjölda í rými, eða 10 manns.

Ákveðið var að endurvekja bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar.

Þá sendi biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, bréf þar sem ein stærsta fermingarhelgi landsins var fram undan. „Ég vil hvetja ykkur til að eiga um það samstarf með fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra sem og samstarfsfólki ykkar hvort af fermingunum verði núna eða þeim frestað.“

Altarisgöngur fari ekki fram en hugað verði að því að þær geti farið fram með börnunum og fjölskyldum þeirra þegar aðstæður leyfa,“ skrifaði Agnes.

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF JEEP® GRAND CHEROKEE BREYTTIR OG ÓBREYTTIR

jeep.is



35" BREYTTUR

33" BREYTTUR

ÓBREYTTUR

JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK – VERÐ FRÁ: 11.690.000 KR.

- 3.0 V6 250 HÖ. DÍSEL, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- 570 NM TOG
- HÁTT OG LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LÆSING Í AFTURDRIFI

- LOFTPÚÐAFJÓÐRUN AÐ FRAMAN OG AFTAN
- HLIFÐARPLÖTUR UNDIR VÉL, KÖSSUM OG SKIPTINGU
- BI-XENON LED FRAMLJÓS MEÐ ÞVOTTAKERFI
- RAFDRIFIN ÖPNUN Á AFTURHLERA

- ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLAST/ÉDAAÐSTÖÐ
- FJARLÆGÐASKYNNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- BLINDHORNSVÖRN

ALLAR BREYTINGAR UNNAR AF BREYTINGARVERKSTÆÐI ÍSBAND

ISBAND

UMBODSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

✓ Ástandsskoðun

✓ Fjármögnun á staðnum
















✓ Mikið úrval

ALLT AÐ
600.000 kr.
AFSLÁTTUR!

TILBOÐ

Á NOTUÐUM BÍLUM

Kynntu þér
úrvalið á
tilboðsbílum
www.bilaland.is

<p>AFSLÁTTUR 300.000 KR.</p>  <p>Rnr. 147859</p> <p>KIA Picanto EX Nýskr. 04/18, ekinn 95 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.390.000 kr.</p> <p>16.717 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 400.000 KR.</p>  <p>Rnr. 431374</p> <p>HYUNDAI iX20 Nýskr. 03/16, ekinn 129 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.490.000 kr.</p> <p>17.894 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 500.000 KR.</p>  <p>Rnr. 147615</p> <p>RENAULT Captur Zen Nýskr. 02/18, ekinn 84 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 1.890.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.390.000 kr.</p> <p>16.717 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 200.000 KR.</p>  <p>Rnr. 147810</p> <p>DACIA Logan Nýskr. 05/17, ekinn 60 þ.km, dísil, beinskíptur. Verð 1.590.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.390.000 kr.</p> <p>16.717 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 200.000 KR.</p>  <p>Rnr. 147440</p> <p>HYUNDAI i10 Comfort Nýskr. 04/16, ekinn 91 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 890.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 690.000 kr.</p> <p>8.481 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>
<p>AFSLÁTTUR 400.000 KR.</p>  <p>Rnr. 110817</p> <p>SUBARU Forester Premium. Nýskr. 06/18, ekinn 73 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 4.390.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 3.990.000 kr.</p> <p>47.309 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 400.000 KR.</p>  <p>Rnr. 147853</p> <p>NISSAN Pulsar Acenta Nýskr. 10/17, ekinn 30 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.990.000 kr.</p> <p>23.777 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 400.000 KR.</p>  <p>Rnr. 147582</p> <p>NISSAN Micra Tekna Nýskr. 09/18, ekinn 29 þ.km, dísil, beinskíptur. Verð 2.590.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 2.190.000 kr.</p> <p>26.130 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 300.000 KR.</p>  <p>Rnr. 431198</p> <p>HYUNDAI i30 Classic Nýskr. 04/19, ekinn 65 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 2.790.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 2.490.000 kr.</p> <p>29.660 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 300.000 KR.</p>  <p>Rnr. 431229</p> <p>RENAULT Captur Intens Nýskr. 03/16, ekinn 69 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.090.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.790.000 kr.</p> <p>21.424 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>
<p>AFSLÁTTUR 600.000 KR.</p>  <p>Rnr. 130373</p> <p>SKODA Octavia Combi 4x4 Nýskr. 02/18, ekinn 82 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 3.590.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 2.990.000 kr.</p> <p>35.543 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 300.000 KR.</p>  <p>Rnr. 431231</p> <p>VW Polo Trendline Nýskr. 03/18, ekinn 76 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 1.690.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.390.000 kr.</p> <p>16.717 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 500.000 KR.</p>  <p>Rnr. 110722</p> <p>RENAULT Megane Zen Sport Tourer Nýskr. 11/16, ekinn 63 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 2.590.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 2.090.000 kr.</p> <p>24.954 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 400.000 KR.</p>  <p>Rnr. 130360</p> <p>NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd Nýskr. 01/19, ekinn 80 þ.km, dísil, sjálfskiptur. Verð 5.190.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 4.790.000 kr.</p> <p>56.722 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>	<p>AFSLÁTTUR 600.000 KR.</p>  <p>Rnr. 147399</p> <p>HONDA Civic Comfor Nýskr. 06/17, ekinn 73 þ.km, bensín, beinskíptur. Verð 2.590.000 kr.</p> <p>TILBOÐ! 1.990.000 kr.</p> <p>23.777 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*</p>

Við erum í spjallfæri
á www.bilaland.is



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

Opnunartímar:

Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bilaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bilaland

www.facebook.com/bilaland.is

Lykill

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is.
Árligur hlutfallstegur kostnaður bílálana frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.



Björgunarsveitin reynir að fylgjast með að allt fari fram eftir bókinni.

Kærðir fyrir utanvegaakstur

NÁTTÚRUVÁ Umhverfisstofnun er búin að leggja inn tvær kærur til lögreglunnar vegna aksturs utan vega við Meradali þegar einstaklingar voru að reyna að komast að eldfjallinu í Fagradalsfjalli. Stofnuninni bærust tilkynningar um utanvegaaksturinn en starfsmenn Umhverfisstofnunar komu einnig auga á ítrekaðan akstur utan vegar.

Í tilkynningu sem Umhverfisstofnun sendi frá sér í gær kom fram að þónokkrir hefðu reynt að gera sér ferð í gegnum Meradali inn í botn Nátthaga en aðrir hefðu farið frá Húsafjalli tæplega fjóra kílómetra yfir ósnortið hraun.

Um leið áréttar Umhverfisstofnun að umferð ökutækja á þessum svæðum geti hindrað störf Almannavarna og björgunarsveita, komi til þess. Því sé aðeins þessum aðilum heimilt að aka á slóðum utan Suðurstrandarvegar. – **ilk**

Vilja fá íslensk matvæli í skólamáltíðir

SKÓLAMÁL Bændasamtök Íslands sendu áskorun á sveitarfélög um miðjan mánuðinn að nota innlend matvæli í skólamáltíðir, sérstaklega grænmeti, kjöt og fisk. Þónokkur sveitarfélög tóku bréfið fyrir á fundi sínum í vikunni.

Byggðarráð Skagafjarðar sagði að mikil áhersla hefði verið lögð á íslensk matvæli í skólum sveitarfélagsins og að nýta hráefni úr héraði eins og kostur er. „Þessu hefur verið fylgt eftir í innkaupum hjá skólum Skagafjarðar og þar sem útboð hefur farið fram hefur verið lögð sérstök áhersla á verslun með íslensk matvæli þar sem því verður komið við hverju sinni,“ segir í bókun ráðsins.

Í áskoruninni er sagt að skólamáltíðir snúist ekki eingöngu um félagskapinn heldur einnig hvernig maturinn sé framreiddur. „Það sem mestu máli skiptir er hvaða matur er í boði, þar sem mörg börn eiga oftast ekki jafnlangan vinnudag og fullorðnir.“ – **bb**

Aldrei fleiri matarúthlutanir hjá Fjölskylduhjálpi

SAMFÉLAG Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands, segir stefna í metaðsókni í matarúthlutun hjá félaginu. Í febrúar fengu 2.200 heimili úthlutað mat frá Fjölskylduhjálpi og segir Ásgerður fjöldann stefna í 2.500 heimili í mars.

„Þetta er búið að vera mun meira en vanalega,“ segir Ásgerður. „Við erum búin að vera með páskaúthlutanir allan mars, en við urðum að byrja snemma, annars hefðum við aldrei náð þessu,“ bætir hún við. Þá segir Ásgerður að í ár sé hægt



Gert er ráð fyrir að 2.500 heimili fái úthlutað mat frá Fjölskylduhjálpi í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

» Umsóknum um neyðaraðstoð hefur fjölgað um 40% frá því faraldurinn hófst

að veita fólki vel fyrir páskana vegna rausnarlegrar gjafar frá Kaupfélagi Skagfirðinga (KS), en kaupfélagið gaf fólki í neyð 40 þúsund máltíðir í lok síðasta árs. „Við gætum ekki gert þetta nema fyrir tilstilli KS.“

Ásgerður segir sjálfbóðalíða sem starfa hjá Fjölskylduhjálpi hafa unnið kraftaverk, en í febrúar voru sextán úthlutunardagar og í mars verða

þeir tuttugu. Hún segir neyðina á Íslandi enn þá meiri en tölurnar frá Fjölskylduhjálpi gefi til kynna, fjöldi fólks leiti til annarra hjálparsamtaka.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, segir að umsóknum um neyðaraðstoð innanlands hafi fjölgað um 40 prósent frá því að faraldurinn skall á hér á landi. „Það er búið að vera mjög mikið að gera hjá okkur alveg síðan COVID skall á með atvinnuleysi og slíku en svo er alltaf meira í kringum páska og aðrar hátíðir.“ – **bdj**

Óánægja meðal sálfræðinga með launakjör á spítalanum

Sextán prósent sálfræðinga á Landspítala hafa starfað í eitt ár eða skemur. Nýlega var auglýst eftir tíu sálfræðingum til starfa á spítalanum, en forstöðumaður geðsviðs segir starfsmannaveltu ekki meiri en gengur og gerist. Framkvæmdastjóri Sálfræðingafélagsins segir byrjunarlaun lág miðað við langt nám.

LAUNAKJÖR Nýlega var auglýst eftir tíu sálfræðingum til starfa í lausarstöður á Landspítalanum (LSH). Ástæðuna segir Nanna Briem, forstöðumaður geðþjónustu spítalans, vera tvíþætta, annars vegar að starfsfólk segi starfi sínu lausu og hins vegar séu átján sálfræðingar á leið í fæðingarorlof á þessu ári.

Nanna segir að almennt hafi gengið vel að ráða í störf sálfræðinga við spítalann og að heilt yfir séu þeir ánægðir í störfum sínum. Þó hafi kannanir sýnt að óánægja sé meðal sálfræðinga Landspítalans með launakjör.

Byrjunarlaun sálfræðinga á LSH eru rúmar 540 þúsund krónur, sem er samkvæmt Önnu Maríu Friðmannsdóttur, framkvæmdastjóra Sálfræðingafélags Íslands, lág miðað við fimm ára háskólanám.

„Framgangur í stofnanasamningi LSH fyrir venjulegan sálfræðing sem sinnir hefðbundnu sálfræðistarfi er hægari á LSH en hjá mörgum öðrum ríkisstofnunum,“ segir Anna María. „Hins vegar eru verkefnisstjórar/teymisstjórar hjá LSH með sömu laun eða hærri laun en sálfræðingar hjá mörgum öðrum ríkisstofnunum,“ bætir hún við.

„Gott er að hafa í huga að sálfræðingar sem vinna hjá LSH eru að vinna hjá þriðju línu stofnun og verkefni sem þeir sinna eru flóknari, veikindi skjólstæðinga flóknari og alvarlegri og álag sem því fylgir meira. Það væri því ekki óeðlilegt að sálfræðingar sem sinna slíkri þjónustu fengu laun í samræmi við það.“



Í könnunum sálfræðinga á spítalanum ríkir almenn starfsánægja en ósætti með laun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þar sem Landspítali er ekki alveg samkeppnishæfur varðandi kjör og álag í starfi, þá missum við frá okkur fólk hraðar en við myndum vilja.

Nanna Briem, forstöðumaður geðþjónustu Landspítalans



Nanna segir launaröðun gagnsæja á spítalanum, hún byggir á kjarasamningum þar sem starfsaldur, verkefni og ábyrgð ráði launum. Aðrar stofnanir hafi samninga sem geri þeim kleift að hækka laun nýrra sálfræðinga hraðar en stofnanasamningar spítalans leyfi, „auk þess að greiða gjarnan önnra yfirvinnu til að hækka grunnlaun.“

Á Landspítalanum starfa 74 sálfræðingar í sextíu stöðugildum. 27 prósent þeirra eru með tíu ára starfsaldur eða lengri. 37 prósent hafa starfað á spítalanum í fjögur

til níu ár, 20 prósent í tvö til þrjú ár og 16 prósent í eitt ár eða skemur. Aðspurð um starfsmannaveltu á spítalanum segir Nanna hana að meðaltali ekki hraðari „en gengur og gerist“, þó sé veltan stundum hærri en kosið væri.

„Við höfum verið sérlega ánægð með það flotta fagfólk sem kemur til starfa til okkar en þar sem Landspítali er ekki alveg samkeppnishæfur varðandi kjör og álag í starfi, þá missum við frá okkur fólk hraðar en við myndum vilja.“

birnadrofn@frettabladid.is

orkusalan



Ertu að flytja?

VIÐ SENDUM ÞÉR KASSANA

Komdu í viðskipti, það tekur aðeins eina mínútu að skipta. Allir sem skrá sig hjá Orkusölunni fá frjá kassa.

Komdu yfir í stuðið á orkusalan.is



TOUCHE ÉCLAT LE TEINT

24 KLST. ENDING

24 KLST. RAKAGJÖF

HEILBRIGÐUR LJÓMI

LÝTALAUS HÚÐ

YVES SAINT LAURENT

YSL fæst ekki í Spöng og á Selfossi.



**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM YVES SAINT LAURENT
VÖRUM DAGANA 25. - 31. MARS**

HAGKAUP
Snyrtivara

Bitcoin svindlari loksins dæmdur

BANDARÍKIN Graham Ivan Clark, hakkarinn sem stal Twitter-reikningum Joes Biden, Baracks Obama, Bills Gates, Elons Musk og fleiri í júlí, hefur verið dæmdur í þriggja ára fangelsi í Flórída-fylki. Clark fékk mildaðan dóm þar sem hann var aðeins 17 ára gamall þegar hann framdi glæpina. Hann hefur þegar setið af sér meira en 200 daga í fangelsi.

» Clark og félagar stálu meðal annars Twitter-reikningum Joes Biden, Baracks Obama og Bills Gates

Málið vakti heimsathygli síðasta sumar. Á reikningunum auglýsti Clark að ef fólk sendi peninga á bitcoin-veski hans yrði tvöfalt verðmæti sent til baka. Alls stal Clark tugum Twitter-reikninga frægs og áhrifamikils fólks og náði að hafa bitcoin að virði 13 milljóna króna upp úr krafsinu.

Talið er að Clark hafi átt sér tvo vitorðsmenn og hafi þeir náð að endurstilla tölvupóstföng tengd Twitter-reikningunum. – khg



Frans páfi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Launalækkun hjá Vatíkani

KJARAMÁL Frans páfi hefur tilkynnt að kardínalar, prestar og nunnur í Vatíkani þurfi að taka á sig launalækkun vegna fjárhagsþrenginga kaþólsku kirkjunnar samfara kórónaveirufaraldrinum. Þetta hefur Danmarks Radio eftir AP fréttastofunni.

Samkvæmt AP munu kardínalarnir lækka um tíu prósent í launum frá næstu mánaðamótum og nunnur og prestar um þrjú prósent. Haft er eftir Frans páfa að þessi ráðstöfun sé til að koma í veg fyrir uppsagnir. Vatíkanið er sagt hafa glímt við fjárhagsferðileika sem ekki hafi batnað í heimsfaraldrinum sem þýtt hafi tekjutap vegna fjarveru ferðamanna. Gert sé ráð fyrir því að hallinn á rekstri Vatíkansins verði jafnvirði nærri 7,5 milljarða íslenskra króna. – gar

Gífurlegt tjón af völdum flóða

ÁSTRALÍA Íbúar í Nýja Suður-Wales í Ástralíu, sem hefur farið illa út úr gífurlegum rigningum undanfarna daga, sjá loksins fyrir endann á úrhellinu. Tugir þúsunda hafa þurft að yfirgefa heimili sín og hafa björgunarsveitir bjargað nokkrum hundruðum. Þá hafa tveir fundist látnir en mörg svæði hafa verið undir vatni í nokkra daga.

Um átta milljónir búa í héraðinu, langflestir í Sydney. „Samfélagið hér er varla búið að jafna sig á eldunum sem geisðuð árið 2019 og



Scott Morrison forsætisráðherra skoðar ástandið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Á nokkrum svæðum rignði jafnmikið á fimm dögum og gerir venjulega á heilu ári.

2020 og þurrkunum sem fylgdu í kjölfarið, og fær nú flóð. Allt þetta ofan í COVID-faraldurinn. Ég skil vel ef venjuleg manneskja er komin að niðurlotum,“ sagði Gladys Berejikian, ríkisstjóri Nýja Suður-Wales í viðtali sem sýnt var á CNN.

Allt að eins metra rigning mældist á þriðjudag ofan í þá 50–100 millimetra sem rignði daginn áður. Verstu svæðin sáu jafnmikla rigningu á fimm dögum og heilu ári. Ríkisstjórnin sagði að fram undan væri mikið hreinsunarstarf og vonaðist Berejikian til að samfélagið í Nýja Suður-Wales myndi hjálpa og aðstoða.

Hún hefði þó loforð forsætisráðherra landsins, Scott Morrison, að hún hefði aðgang að þeim úrræðum sem til væru í landinu. – bb

Fæðingartíðnin hefur hrapað um hálf barn á síðasta áratug

Herra menntunarstig, frjósemisvandi og gildismat ungs fólks, er meðal þess sem veldur sílækkandi fæðingartíðni. Á tíu árum hefur meðalaldur íslenskra frumbyrja hækkað um tvö ár. Yfirmaður hjá Nordregio segir opinbera hvata ekki hafa haft áhrif á tíðnina. Umhugsunarvert fyrir framtíðarsamfélög.

SAMFÉLAG Fæðingartíðni íslenskra kvenna hefur dregist saman um því sem nemur að meðaltali hálfu barni á aðeins tíu árum. Hefur hún aldrei verið lægri en nú. Þá hefur meðalaldur kvenna við fæðingu fyrsta barns hækkað um tvö ár á sama tímabili, úr 27 árum í 29.

„Þetta eru mjög hraðar breytingar,“ segir Anna Karlsdóttir, yfirmaður norræns vinnuhóps hjá Nordregio í Stokkhólmi, rannsóknastofnun ráðherra nefndarinnar um byggðamál og skipulag. Stofnunin hefur rannsakað fæðingartíðni í verkefni Ástand Norðurlandabandalagsins. „Ýmsir þættir spila inn í þetta svo sem aukin menntunarstig, almenn notkun getnaðarvarna, breyttur tíðarandi og gildi ungs fólks. Ég er af þeirri kynslóð þar sem slysabörn voru algengari, en í dag vill fólk skipuleggja líf sitt betur,“ segir hún.

Annað sem hefur áhrif er frjósemisvandi sem sífellt færir á aukana. „Sífellt yngri fólk þarf að leita sér tæknilegrar aðstoðar til að verða foreldrar,“ segir Anna. „Það eru ýmiss konar ófrjósemisáskoranir sem hafa ekki verið rannsakaðar til hlítar.“ Aldurinn spili þó stóra rollu og á Norðurlöndunum verður það algengara að fólk stofni fjölskyldu eftir að besti líffræðilegi aldurinn til barneigna er liðinn, það er eftir 25 ára í tilfelli kvenna.

„Fjölskyldur með eitt barn eru að verða algengara fjölskylduform,“ segir Anna og vísar til finnskra rannsókna á þessu. „Að alast upp með systkini er að verða sjald-



Lengra fæðingarorlof og betri dagvistun hefur ekki haft áhrif til fjölgunar barneigna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

» Að alast upp með systkini er að verða sjaldgæfara, sem er umhugsunarvert fyrir framtíðarsamfélög.

Anna Karlsdóttir, yfirmaður vinnuhóps hjá Nordregio



gæfara, sem er umhugsunarvert fyrir framtíðarsamfélög.“ Lækkandi fæðingartíðni er ekki einstök á Norðurlöndum heldur á hún við um alla Evrópu. Tíðnin hrapar þó hraðar á Íslandi. Allt til ársins 2010 var fæðingartíðni íslenskra kvenna sú hæsta í Evrópu en nú er hún í sjötta sæti og vel undir fjölgunarmörkum.

Þessi þróun er í mótsögn við aukinn stuðning við barnafjölskyldur. Opinberir hvatar til barneigna hafa því ekki haft áhrif. „Þetta ætti að halda í hendur en gerir það ekki. Gildismat eða aðrar aðstæður hafa meiri áhrif,“ segir Anna.

Þrátt fyrir lækkandi fæðingartíðni er landsmönnum ekki að fækka. Hagstofan spáir því að Íslendingar verði 430 þúsund árið 2050, sem er fjölgun um 65 þúsund manns. Fjölgun á Íslandi er rétt eins og á Norðurlöndum drifin áfram af innflutningi fólks. Hér á Íslandi að langstærstum hluta frá Póllandi, þar sem hefur verið eiginleg fólksfækkun undanfarin ár. Övist er hvort það geti haldið áfram til langframa því að efnahagslegar aðstæður í Póllandi hafa batnað mikið undanfarin ár og stjórnmál hafa brottflutta til að snúa aftur heim. kristinnhaukur@frettabladid.is

Svarta perlan talin af fyrir fjörutíu árum en dúkkaði upp yfir súpuðiski

SPÁNN Bandaríski körfuboltamaðurinn Charles Thomas, sem lék á Spáni á áttunda áratugnum og hvarf síðan fyrir fjörutíu árum, er óvænt kominn í leitirnar.

Að sögn spænska blaðsins El País var Thomas ein af skærustu stjórnunum körfuboltaliðs Barcelona. Eftir að hann meiddist á hné árið 1974 fór hins vegar að halla undan fæti og Thomas dró sig á endanum inn í skel. „Eitt þekktasta andlit spænska körfuboltans varð að draugi,“ segir í El País.

Fyrir fjörutíu árum hvarf svo Thomas og skildi eftir sig vonsvikna fjölskyldu og vini. Síðast spurðist til hans í byrjun níunda áratugarins og var hann þá ýmist sagður hafa látist í slagsmálum í New York eða af of stórum eiturlyfjaskammti í húsasundi í Mexíkó. Fyrir tveimur vikum birtist hins vegar uppfærsla á



Charles Thomas með Barcelona. MYND/FUNDACIÓ BÀSQUET CATALÀ

Wikipedia um Thomas, eða Svörtu perluna eins og hann var kallaður.

Fyrirverandi liðsfélagi Thomas í Barcelona, maður að nafni Norman Carmichael, fékk samtals frá miðstöð fyrir fatlað fólk í Amarillo í Texas. Kom þar á daginn, að sögn El País, að Svarta perlan var alls ekki látinn

» Halla fór undan fæti hjá Charles Thomas eftir að hann meiddist á hné í keppnisleik á Spáni.

heldur sat og var að borða súpu á elliheimili.

Carmichael segist í fyrstu hafa haldið að verið væri að gabba sig. „En eftir því sem við töluðum meira saman rann upp fyrir mér að hann vissi of mikið til að vera að villa á sér heimildir,“ er haft eftir gamla liðsfélaganum.

El País ræddi í framhaldinu við Thomas, sem misst hafði báða fætur og er bundinn við hjólastól. „Ég fór út að ganga en nú er ég kominn aftur,“ svaraði Svarta perlan, aðspurður hvers vegna hann hefði beðið svo lengi með að láta vita að hann væri á lífi. – gar

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



MARGARITA



HAWAIIAN
skinka og ananas

3 STÓRAR GJÖRSAMLEGA

ÚTIHVT

Minna álegg, miklu lægra verð!
Þú sækir stóra Margarita-, Pepperoni-
eða Hawaiian-pönnupizzu

1.699 KR



pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



PEPPERONI

MARKAÐURINN

Erlenda lánið
liggur óhreyft

Ríkissjóður er ekki byrjaður að nýta erlenda lánið sem var tekið fyrir á árinu til þess að fjármagna innlend ríkisútgjöld. Þetta kom fram í máli Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra á kynningarfundum peningastefnufundar í gær.

„Þetta lán hefur ekki verið nýtt til þess að fjármagna innlend ríkisútgjöld enn sem komið er,“ svaraði Ásgeir aðspurður. Í lok janúar gaf ríkissjóður út skuldabréf til sjö ára fyrir 750 milljónir evra, jafnvirði um 113 milljarða króna.

Til þess að fjármagna innlend útgjöld mun ríkissjóður þurfa að skipta evrunum í krónur sem Seðlabankinn útvegar. Sú aðgerð hefur þau áhrif að peningamagn í umferð eykst.

Ásgeir benti á að ríkissjóður hefði aflað mikilla fjármuna með innlendum skuldabréfaútbodum og uppgreiðslum á lánum ÍL-sjóðs, sem áður hét Íbúðalánasjóður.

„Við höfum að einhverju leyti búið í haginn fyrir ríkissjóð til að geta nýtt þetta erlenda lán,“ sagði Ásgeir. Með reglulegum inngripum á gjaldeyrismarkaði hefur Seðlabankinn tekið krónur úr umferð. „Við höfum ekki sett krónur út í kerfið til að mæta gjaldeyrissinngripum okkar,“ bætti hann við.



Ásgeir
Jónsson
seðlabankastjóri

Peningastefnufund Seðlabanka Íslands ákvað að halda vöxtum bankans óbreyttum. Standa þeir því enn í 0,75 prósentum sem er tveimur prósentustigum lægra en við upphaf heimsfaraldursins.

Samkvæmt nýlega birtum þjóðhagsreikningum var samdráttur landsframleiðslu 6,6 prósent í fyrra en í febrúarspá sinni hafði Seðlabankinn gert ráð fyrir að hann yrði 7,7 prósent.

„Efnahagssumsvif reyndust kröftugri en spáð hafði verið á síðasta fjórðungi ársins og samdrátturinn á fyrstu þremur fjórðungum ársins var nokkru minni en fyrri tölur bentu til,“ sagði í yfirlýsingu peningastefnufundar. Þá benda nýlegar hátiðnivísbendingar og kannanir til áframhaldandi bata það sem af er þessu ári. „Óvissan er hins vegar mikil og þróun efnahagsmála hér og erlendis mun að töluverðu leyti ráðast af framvindu farsóttarinnar og hversu vel bólu-setning gegn henni gengur.“ – pfh

Rafíþróttafélagið Dusty vill
hleypha fjárfestum að borðinu

Dusty Esports, sem er einkarekið rafíþróttalið og fremst í flokki á Íslandi, hyggst sækja fjármagn til að byggja upp starfsemina. Yrði fyrsta fjármögnunarumferðin í rafíþróttum á Íslandi. Miklar vonir bundnar við framtíðarvöxt í tekjum af sýningarrétti. Félagið gekk frá fyrstu leikmannasölunni í febrúar.

Rafíþróttafélagið Dusty Esports, einkarekið rafíþróttalið á Íslandi, áformar að sækja sér aukið fjármagn á næstu mánuðum. „Þetta yrði fyrsta fjármögnunarumferðin í rafíþróttum á Íslandi,“ segir Ásbjörn Daniel Ásbjörnsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Dusty Esports.

„Við finnum fyrir mjög miklum áhuga, sérstaklega úr nýsköpunarumhverfinu, á því að leggja hönd á plóg. Rafíþróttarövegurinn er frjór hér á landi og tækifærin mikil, bæði viðskiptaleg og hvað varðar árangur í íþróttinni.“

Ásbjörn stofnaði fyrirtækið í mars 2019 í því skyni að byggja upp atvinnulið í rafíþróttum sem gæti keppt á stærstu mótum heims. Dusty er ríkjandi Íslandsmeistari í tölvuleikjunum LoL og CS:GO og um 30 manns koma með einum eða öðrum hætti að starfseminni. Í þeim hópi eru leikmenn, þjálfarar, gagnagreindur, grafískir hönnuðir og rekstrarráðgjafar. „Við erum á allt öðrum stað en við höldum að við myndum vera á þegar við stofnuðum þetta fyrir tveimur árum.“

Ásbjörn segir að stofnun Rafíþróttasamtaka Íslands árið 2018 hafi verið mikilvæg forsenda fyrir því að byggja upp atvinnulið á Íslandi. Avingingurinn af því að koma skipulagi á íþróttgreinina er nú að verða sýnilegur.

Eitt stærsta rafíþróttamót heims, League of Legends Mid-Season Invitational, verður haldið í Laugardalshöll í maí og í framhaldi af því verður í fyrsta skipti haldið alþjóðlegt mót í tölvuleiknum Valorant á sama stað. Alls munu um fjögur hundruð manns koma til landsins í tengslum við þessi tvö mót sem standa samtals yfir í um fjórar vikur. Þá verður opnaður nýr þjóðarleikvangur rafíþróttar á Íslandi í sumar undir heitinu Arena.

Spurður um tekjumódelið hjá íslensku rafíþróttafélagi segir Ásbjörn að stærsta tekjulindin, eins og staðan er í dag, sé samstarfsamningar við íslensk fyrirtæki.

„Við erum í raun nýr miðill fyrir fyrirtæki sem vilja ná til folks sem



Ásbjörn Daniel Ásbjörnsson framkvæmdastjóri Dusty Esports stofnaði fyrirtækið í mars 2019. MYND/DUSTY ESPORTS

tengist rafíþróttum. Þetta er hópur sem fyrirtækin geta nú náð til í umhverfi sem skiptir viðskiptavinum þeirra máli,“ segir Ásbjörn.

„Við höfum líka verið að storka hefðbundnum auglýsingaformum með töluverðri framleiðslu innanhúss sem er sérsniðin að markhópnum. Leikir eins og CS hafa skipað stóran sess hjá íslenskum spilurum frá aldamótum og eiga sér aðdáendahóp samkvæmt því, sem ekki hefur verið hægt að ná til með þessum hætti áður.“

Til lengri tíma litið eru hins vegar miklar vonir bundnar við tekjur af sýningarrétti. Dusty fékk inngöngu í norður-evrópsku atvinnumannadeildina, NLC, þar sem keppt er í League of Legends, einum vinsælasta tölvuleik heims.

„Við förum í gegnum mjög strangt umsóknarferli til þess að komast inn. Deildin selur sýningarréttinn áfram, meðal annars til BBC, og liðin fá hlutdeild í tekjunum,“ segir Ásbjörn og bætir við að um 150 þús-

Ef við skoðum tekjur knattspyrnufélaga í Bretlandi þá eru tekjur af sýningarrétti stærsta tekjulindin. Rafíþróttir eru að þróast í þessa átt.

und manns hafi horft á leiki Dusty í febrúar. „Ef við skoðum tekjur knattspyrnufélaga í Bretlandi þá eru tekjur af sýningarrétti stærsta tekjulindin. Rafíþróttir eru að þróast í þessa átt.“

Eins er búist við að viðskipti með leikmenn verði sífellt stærri hluti af rekstrinum. „Við höfum verið að skila leikmönnum í stórlíð erlendis og í síðasta mánuði gengum við frá fyrstu söluinni til stærsta rafíþróttaliðsins í Síle. Stór viðskipti með leikmenn munu færast í aukana. Þetta er annað tækifæri sem fer vel saman

með vexti rafíþróttar hér heima. Það er frábært að geta gefið folki tækifæri til þess að stunda sína ástríðu, eiga möguleika á atvinnumennsku og að til þess séu viðskiptalegar forsendur.“

Þá eru tækifæri í sölu á varningi merktum Dusty en fyrstu skref í þeim efnum hafa gefið góða raun þar sem derhúfur og annar klæðnaður hafa selst upp á skammri stundu.

Áhuginn á iðkun rafíþróttar fer sívaxandi á Íslandi. Fleiri en 800 börn og ungmenni æfa rafíþróttir í hverri viku á Íslandi og Ásbjörn segir að Dusty hafi fengið hátt í 250 umsóknir á dögnum þegar félagið auglýsti eftir svokölluðum streymurum sem spila tölvuleiki í beinni útsendingu á netinu.

„Mín spá er sú að þegar við fáum þessa krakka upp á meistaraflokksstigið getum við komist upp í sama og erlend stórlíð sem eru jafnvel skráð í kauphallir,“ segir Ásbjörn. thorsteinn@frettabladid.is



Nýr vörulisti og vefverslun

Hampidjan hefur um árabíl verið sölu- og þjónustuaðili fyrir lyftibúnað með víðtæka þjónustu við sveitarfélög, verktaða og aðra framkvæmdaaðila.

Við höfum eflt þessa starfsemi og gert enn betur, aukið við vöruúrvalið, bætt aðgengið og gert pantanir og kaup auðveldari með vefverslun.

Skoðaðu nýja vörulistann og vefverslunina á: hampidjan.is

HAMPIÐJAN



Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyrir.

Eigið fé Eyrir 114 milljarðar

Eigið fé fjárfestingarfélagins Eyrir Invest, sem er meðal annars stærsti hluthafi Marels með tæplega fjórðungshlut, var rétt ríflega 765 milljónir evra, eða sem nemur 114 milljörðum króna við árslok 2020.

Þetta kemur fram í nýjum ársreikningi Eyrir, sem var lagður fyrir aðalfund félagsins fyrr í þessum mánuði.

Hagnaður af rekstri Eyrir nam 93,3 milljónum evra á síðasta ári, samanborið við 326,8 milljónir evra árið 2019. Samdráttur í hagnaði milli ára má rekja til 66 prósent gengishækkunar Marels á árinu 2019. Hlutabréfaverð Marels hækkaði hins vegar um liðlega 25 prósent á síðasta ári.

Verðbréfaeign félagsins eykst milli ára um 25 milljónir evra og nam við árslok um einum milljarði evra, eða 150 milljörðum króna. Vaxtaberandi skuldir félagsins voru um 260 milljónir evra og eiginfjárlutfall félagsins því um 74 prósent. Langstærsta eign Eyrir Invest er eignarhlutur þess í hátækni fyrirtækinu Marel, sem skráð er á markað á Íslandi og í Hollandi.

Á árinu 2019 samdi Eyrir Invest við bandaríska bankann Citibank um fjármögnun á hluta af eignum þess, fyrir alls 50 milljónir evra. Í skýrslu stjórnar í nýjasta ársreikningi félagsins kemur fram að láns-samningurinn við Citibank hafi

93,3

milljónir evra var hagnaður Eyrir Invest á árinu 2020.

verið hækkaður í 110 milljónir evra.

Kjörin sem fjárfestingarfélaginu bauðst hafi verið mun betri en eru í bði á innlendum fjármagnsmarkaði auk þess sem geta Citibank til að styðja við frekari fjárfestingar Eyrir Invest sé mikil. Með lántökunni hafi því verið dregið úr endurfjármögnunaráhættu félagsins og geta til frekari fjárfestingar aukist.

Auk eignarhlutarins í Marel fer Eyrir Invest með 46,5 prósent hlut í samlagshlutafélaginu Eyrir Sprotar, sem einbeitir sér að fjárfestingu og stuðningi við efnileg sprota- og vaxtarfélög með áherslu á alþjóðlegan vöxt. Á árinu 2020 keypti Eyrir Invest nýja hluti í Eyri Sprotum fyrir 1,6 milljónir evra.

Þá er félagið Eyrir Ventures að fullu í eigu Eyrir Invest en það fjárfestir í væntanlegum sprota- og vaxtarfyrirtækjum. Á árinu 2020 keypti Eyrir nýja hluti í Eyri Ventures fyrir 33 milljónir evra.

Stærstu eigendur Eyrir Invest eru feðgarnir Þórður Magnússon, stjórnarformaður félagsins, og Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, en þeir fara samanlagt með nærri 39 prósent hlut. Aðrir helstu hluthafar Eyrir Invest, sem var stofnað árið 2000, eru Landsbankinn, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður verslunarmanna. – thg

Sóttvarnaraðgerðir líklegri til að auka ójöfnuð

Það eru öllu heldur sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda fremur en efnahagsaðgerðir sem eru líklegri til að valda auknum ójöfnuði í samfélaginu. Þetta er meðal þess sem fram kom í viðtali við Önnu Hrefnu Ingimundardóttur, forstöðumann efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, í sjónvarpsþætti Markaðarins á Hringbraut. „Ég myndi ekki segja að efnahagsaðgerðir stjórnvalda hafi stuðlað að ójöfnuði, þvert á móti hafa þær miðað sérstaklega að því að draga

Það eru sóttvarnaraðgerðir sem hafa leitt til þess að það eru fremur láglauastörf sem eru að glatast.

úr áfallinu, milda það og dreifa því jafnar yfir þjóðfélagshópa og tíma,“ sagði Anna Hrefna.

„En það eru auðvitað sóttvarnaraðgerðir sem hafa leitt til þess að það eru fremur láglauastörf og



Anna Hrefna Ingimundardóttir.

störf í þjónustugreinum sem eru að glatast [...] það eru því frekar sóttvarnaraðgerðir sem eru til þess fallnar að auka ójöfnuð,“ sagði hún, en lagði jafnframt áherslu á það að engin töluleg gögn lægju fyrir á þessari stundu, sem styddu þá fullyrðingu að ójöfnuður hefði aukist í samfélaginu á undanfögnu ári.

Sjónvarpsþáttur Markaðarins, nýr þáttur um viðskiptalífið og efnahagsmál, er sýndur á Hringbraut klukkan 21 á miðvikudögum. thg@frettabladid.is



SAMORKA

26.03 '21 13:00

Bein útsending á samorka.is

Sprotar vaxa í frjóum jarðvegi

Nýsköpun í orku- og veitugeiranum

Dagskrá:

Ávarp ráðherra

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Ávarp formanns Samorku

Berglind Rán Ólafsdóttir

Sprotar vaxa í frjóum jarðvegi

Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Þróunar hjá OR og Ríkarður Ríkarðsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og nýsköpunar hjá Landsvirkjun

Let's talk energy and innovation

David Wallerstein, CXO hjá Tencent

Nýsköpunarverðlaun Samorku



Gosstöðvarnar í Geldingadal rúmum sólarhring eftir að gosið hófst, en þá var hægt að komast mjög nærri gígunum og hrauntungunum vegna hagstæðrar vindáttar. MYND: TG

Reykjaneskagi ræskir sig

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Ísland er eitt eldvirkasta svæði jarðar. Því veldur staðsetning landsins á flekaskilum en undir úthafshryggnum er einnig möttulstrókur eða heitur reitur sem miðlar bergkviku frá iðrum jarðar til yfirborðs. Alls eru hérlendis í kringum 130 eldfjöll í rúmlega 40 eldstöðvakerfum sem er ótrúlegur fjöldi miðað við stærð landsins og hér verða eldgos að meðaltali á 3–6 ára fresti. Tæplega tuttugu þeirra hafa gosið á nútíma en Grímsvötn, Hekla og Krafla eru þær eldstöðvar sem oftast hafa gosið. Rek-belti Atlantshafshryggjarins liggur í gegnum Reykjaneskaga, sem er nánast allur eldbrunnið svæði með fjölda eldfjalla og hraunbreiðum. Þarna hafa orðið fjölmörg forsöguleg eldsumbrot en þar til eldgos braust út í Geldingadal þann 19. mars sl. hafði ekki gosið á Reykjaneskaga í nær 800 ár. Þótt gosið þyki lítið er það einkar tilkomumikið. Um er að ræða hraungos sem hófst á um 250 m langri sprungu sem á eru nokkrir klepragigar og er einn þeirra langstærstur og stækkar jafnt og þétt. Út úr honum vellur 1.200 gráðu heit kvika sem dreifist um botn Geldingadals. Á fyrstu viku umbrotanna hefur hraunflæðið verið á bilinu 5–7 rúmmetrar á sek. og hraunbreiðan, sem aðallega er helluhraun og stöðugt þykknar, þekur nú um 15 hektara.

Það er ógleymanleg upplifun að sjá eldgos með eigin augum og gosið í Geldingadal er þar engin undantekning. Reyndar er þetta netta gos sérlega tilkomumikið því í fjöllunum sem umlykja Geldingadal er boðið upp á stúkusæti með frábæru útsýni yfir gosstöðvarnar. Þangað er auðveldast að komast af malbikuðum Suðurstrandarvegi milli Grindavíkur og Ísólfskála. Stefnt er á Nátthagakrika suðvestan gosstöðvanna og þaðan upp á Fagradalsfjall. Gönguleiðin er ójöfn og sums staðar brött en var góðu heilli stikuð nú í vikunni. Stikada leiðin að gosstöðvunum er nálægt 3,5 km og gangan tekur um 1,5 klst., en hún er er mun lengri (24 km báðar leiðir) ef leggja verður bílum við Grindavík. Aðrar en lengri gönguleiðir eru frá fjallinu Þorbirni við Bláa Lónið, að norðan frá Keili eða austan úr Krýsuvík.

Þar sem Geldingadalur er afskekktur og gangan á fótinn yfir hraungrýti og ójöfnur þá er mikilvægt að vera vel búinn. Öflug ljós eru nauðsynleg fyrir kvöld- eða næturgöngu. Enginn ætti þó að vera svikinn af þessu stórkostlega sjónarspili þegar Reykjanesið ræskir sig djúpt úr iðrum sínum eftir langan svefn.



Fókus á hjarta landsins



Gosið er afar tilkomumikið séð úr lofti. MYND: ÓMB.



Gígurinn er engin smásmíði og stækkar með hverjum deginum. Myndin er tekin um miðja nótt í aðeins 100 metra fjarlægð frá eldtungunum. MYND: TG



SKÍÐADAGAR 20-50% AFSLÁTTUR

24. MARS - 5. APRÍL

SKÍÐI SKÍÐASKÓR
SKÍÐABINDINGAR

FJALLASKÍÐASKÓR SKÍÐAÞOKAR
FJALLASKÍÐABINDINGAR

SKÍÐAHJÁLMAR

SKÍÐAHANSKAR **FJALLASKÍÐI**

SNJÓFLÓÐABAKÞOKAR SKÍÐASOKKAR

SKÍÐAGLERAUGU **GÖNGUSKÍÐI**

GÖNGUSKÍÐASKÓR SKÍÐABAKÞOKAR

GÖNGUSKÍÐASTAFIR **SKÍÐASTAFIR**

SKÍÐAFATNAÐUR

SNJÓBRETTI SPLITBOARD

SKÍÐAÞAKKAR MEÐ
30% AFSLÆTTI

Staða Katrínar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Nokkur kosningaskjálfti er kominn í stjórnmalaflokkana meðan pólitískis óróleika verður ekki vart hjá þjóðinni. Hún telur sig sjálfsagt hafa nægan tíma til að koma sér í pólitíska girinn og gera upp hug sinn, enda kosningar ekki fyrr en í haust. Ljóst er að þjóðin umber þessa ríkisstjórn betur en síðustu stjórnir og mögulegt er að hún sitji eitt kjörtímabil í viðbót. Það er ekki sérlega ógnvekjandi tilhugsun. Ríkisstjórnin hefur ekki staðið sig áberandi illa þótt samhygd hennar með stórutgerðinni vekti ætíð undrun og hljóti að flokkast sem afar hvímlæður galli.

Þjóðin er að stórum hluta þegar búin að gera upp við sig hvern hún vill sem forsætisráðherra. Katrín Jakobsdóttir, núverandi forsætisráðherra, nýtur yfirburða trausts. Hún hefur verið einkar farsæll forsætisráðherra, sterk og ákveðin manneskja, sanngjörn og býr yfir nauðsynlegri samningalipurð. Meira að segja þeir sem andvarpa yfir tilveru Vinstri grænna (og þeir eru ansi margir) viðurkenna flestir að enginn núlifandi stjórnmalamaður er betur til þess fallinn að gegna starfi forsætisráðherra en einmitt Katrín Jakobsdóttir. Haldi núverandi ríkisstjórn áfram veginn eftir næstu kosningar blasir við að Katrín mun verða leiðtogi þeirrar stjórnar. Verði annars konar stjórnarmynstur, en þó með Vinstri græn innanborðs, er nauðsynlegt fyrir þá ríkisstjórnarflokka að velja Katrínu sem forsætisráðherra, enda er hún langöflugasti stjórnmalamaður landsins. Annað val á forsætisráðherra myndi veikja þá stjórn til muna.

Hin sterka staða Katrínar er einkar áhugaverð á tímum þegar traust til stjórnmalamanna er ekki í hæstu hæðum. Það er vissulega meira en það var í hruninu en samt er viðhorf margra enn á þann veg að stjórnmalamönnum sé vart treystandi enda hugi þeir lítt að öðru en að skara eld að eigin koku. Víst er að Katrín Jakobsdóttir er ekki þannig stjórnmalamaður.

Einhverjir pólitískir andstæðingar Katrínar segja að þar sem fjölmiðlafólk hafi á henni sérstakt dálæti sé henni yfirleitt hlíf við erfiðum spurningum. Þetta er vitaskuld fjarstaða. Stjórnmalamenn eru einfaldlega misvel færir um að svara erfiðum spurningum fjölmiðlafólks. Katrín kann það einkar vel.

Sem betur fer hefur sú þróun orðið hér undanfarin ár að fólk er í miklum mæli hætt að binda trússitt við ákveðinn flokk. Þetta er ekki eins og áður fyrr þegar það að fylgja stjórnmalaflokkum var nánast eins og að tilheyra sértrúarsöfnuði. Nú lítur kjósendi ekki endilega á sinn flokk sem þann eina rétta og sér ekki aðra flokka sem stórkostlega meinsemd í þjóðfélaginu. Í þessari breytingu, sem einhverjum finnst vera lausung, felst umburðarlyndi sem sumir stjórnmalaleiðtogar gætu lært af. Það að þeir skuli fyrir fram útiloka samstarf við ákveðna flokka ber vott um hroka, stífni og jafnvel vott af ofstæki. Víst er að stjórnmalaflokkar sem telja sig hafa höndlað hin eina sanna sannleik eru ekki á góðri leið.



Hin sterka staða Katrínar er einkar áhugaverð á tímum þegar traust til stjórnmalamanna er ekki í hæstu hæðum.

Halldór



Frá degi til dags

Nýja-Ísland
Andlegt páskahret skall á bagalega bólusettri þjóð þegar ráðherrar boðuðu á blaðamannafundi grjótharðar sóttvarnaaðgerðir í örvæntingarfyllri tilraun til þess að kýla niður fjórðu bylgju COVID sem byrjuð er að grassera með bresku ívafi. Skómmu fyrir fundinn brýndi Helga Vala Helgadóttir, þingman Samfylkingar, ríkisstjórnina til dáða á Facebook og sagði alla ráðherra verða að standa saman sem einn. Síðan benti hún á Nýja-Sjáland sem fyrirmynd á landamærum. Þar eru íbúar fimm milljónir og 67 í einangrun vegna smíts á móti 75 í 360 þúsund manna íslensku samfélagi.

Númer ellefu
Ríkisstjórnin kemur þó beinlínis í veg fyrir það með aðgerðum sínum að hún geti staðið þétt saman á ögurstundu. Gunnar Smári Egilsson, með eindæmum talnaglöggu hugmyndafræðingur Sósíalistaflokksins, brást á Facebook við blaðamannafundinum með því að lýsa því yfir að honum finnst eins og „ráðherrarnir trúir ekki lengur sjálfsmæringunni sem vellur út úr þeim.“ Síðan byrjaði hann að telja og spurði og svaraði hvers vegna fjöldatakmörkanir miðuðust við þá tölu. „Það er svo að ríkisstjórnin geti fundað án Kristjáns Þórs Júlíussonar. Þau kalla hann ellefta ráðherrann.“
toti@frettabladid.is

Stærsta ógnin – besta lausnin



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur BSRB



Þegar hagrænum hvötum er beitt þarf að gæta að því að fólk í lægri tekjuhópum beri ekki hlutfallslega þyngri byrðar.


Hamfarahlýnunin sem nú er hafin er stærsta ógnin sem mannkynið stendur frammi fyrir og við höfum innan við tíu ár til að grípa til róttækra aðgerða til að forðast skelfilegar afleiðingar. Þær munu hafa áhrif á orkunotkun, framleiðsluferla, vinnumarkaðinn og neysluvenjur. Samtök launafólks verða því að koma að stefnumótun loftslagsaðgerða sem munu hafa áhrif á launafólk og almenning.

Með réttlátum umskiptum (e. Just Transition) tryggjum við hagsmuni launafólks og almennings þegar farið verður í lífsnauðsynlegar breytingar og sköpum þar með betri sátt um þær. Í einföldu máli snúast réttlát umskipti um að hámarka áhrif loftslagsaðgerða til að ná kolefnishlutleysi en lágmarka neikvæð áhrif þeirra á launafólk og almenning.

Sköpun grænna og góðra starfa þýðir að störfín séu launuð með sanngjörnum hætti, starfsfólkið njóti vinnumarkaðstengdra réttinda og geti haft áhrif á starfsaðstæður sínar. Gera þarf fólk kleift að efla þekkingu sína og færni fyrir ný eða breytt störf vegna loftslagsaðgerða og sjálfvirknivæðingar.

Þegar hagrænum hvötum er beitt þarf að gæta að því að fólk í lægri tekjuhópum beri ekki hlutfallslega þyngri byrðar. Slikar aðgerðir kunna að vera nauðsynlegar en þá þarf að beita mótvægisáðgerðum sem geta falist í því að ríki fjárfesti í samþærilegum loflagsvænum lausnum í stað þeirrar sem verið er að skattleggja eða nýti hluta af tekjum af loftslagsköttum í beingreiðslur til heimila sem álögurnar lenda harðast á.

BSRB, ASÍ og BHM gáfu nýverið út skýrslu um réttlát umskipti þar sem lagt er til að stofnaður verði formlegur vettvangur aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að móta stefnu og aðgerðir fyrir réttlát umskipti og fylgja þeim eftir. Við megum engan tíma missa og verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að draga úr losun án þess að ógna afkomu- og atvinnuöryggi launafólks.



Brautirnar eru fánlegar með mjúklökun

Mikið úrval rennihurðabrauta frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

AF KÖGUNARHÓLI

Viðreisn með höftum eða frelsi



Þorsteinn Pálsson

Galdurinn við myndun núverandi ríkisstjórnar var að leggja hugmyndafræðina til hliðar. Lausnin var: Praktísk viðbrögð þegar mál koma upp en að öðru leyti kyrrstaða um flest, nema ríkisvæðingu þeirrar heilbrigðisþjónustu, sem almannaheillasamtök hafa séð um.

Ríkisstjórnin tók við í blússandi meðvindi. Við slíkar aðstæður getur pólitísk uppskrift af þessu tagi gengið.

Framtíðin

Þegar kemur að kosningum í haust verður tími skammtímaráðstafana og kyrrstöðu aftur á móti liðinn. Viðreisn efnahagslífsins og ríkisfjármálanna til lengri tíma er með öðrum orðum komin á dagskrá. Það er langtíma verkefni. Menn þurfa að horfa áratug fram í tímann.

Viðreisn efnahagslífsins ræðst ekki af því hvaða flokkur kemur með flestar hugmyndir um smáskammtalækningar eða styrki hér og þar. Framtíðarstörfin ráðast ekki af ríkisstyrkjum. Það sem ræður úrslitum er sá hugmyndafræðilegi grundvöllur, sem menn ætla að byggja á.

Peningamálin ráða mestu um það hvernig okkur tekst að auka framleiðni í atvinnulífinu, fjölga störfum og bæta lífskjör almennings. Þau eru kjölfestan í búskap þjóðarinnar.

Svarið er: gjaldeyrishöft

Einmitt í þessu ljósi er eftirtektarvert að ríkisstjórnin hefur loks kynnt til sögunnar hugmyndafræðina, sem hún ætlar að byggja framtíðina á. Aðstæður hafa breyst þannig að ekki verður lengur undan því vikist að sigla eftir ákveðnu striki.

Hugmyndafræðilegt svar ríkisstjórnarinnar er: Gjaldyrishöft. Hún hefur nú lagt fram frumvarp í þessum tilgangi. Þar fá Seðlabankinn og fjármálaráðherra allar hugsanlegar heimildir til að setja á hvers kyns gjaldeyrishöft án takmarkana og pólitískrar umræðu.

Hér er ekki um að ræða skammtímaráðstafanir vegna yfirstandandi kreppu. Þetta á að vera varanlegur framtíðargrundvöllur peningamálastjórnunar í landinu. Og ábyrgðin á framkvæmdinni er færð frá pólitíkinni til embættismanna.

Aðrir vegir færir

Stjórnarflokkarnir hafa loks komist að þeirri niðurstöðu, sem reyndar hefur lengi verið skrifuð á vegginn, að frjáls viðskipti í svo litlu sjálfstæðu peningakerfi ganga ekki upp. Það er einfaldlega ekki hægt að stýra peningamálunum og stefna að stöðugleika nema með meiri eða minni gjaldeyrishöftum.

Króna og frjáls viðskipti eru einfaldlega andstæður. Um þetta er reyndar ekki mikill ágreiningur.

Deilurnar snúast um hitt að það eru aðrir vegir færir. Það er hægt að tryggja jafn frjáls milliríkjavíðskipti fyrir atvinnulíf og heimili og grannríkin njóta. En það kallar á annars konar hugmyndafræði.

Afleiðing þróingsýni

Nú er það svo að ríkisstjórnin segir að frelsi sé hennar fyrsta val.

Höftin séu neyðarúrræði. En með því að fela Seðlabankanum og fjármálaráðherra varanlegt vald í þessum efnum er verið að segja að þau verði samt sem áður daglegt brauð, hugsanlega í misríkum mæli frá einu ári til annars.

Ríkisstjórnin virðist reikna með að þeim þurfi að beita það titt að of tímafrekt yrði að biða eftir samþykki Alþingis í hvert skipti. En kannski er valdframsalið líka liður í að gera höftin að náttúrulegumli en ekki pólitík.

En hvers vegna velur ríkisstjórnin að byggja viðreisn efnahagslífsins næsta áratug á slíku neyðarúrræði? Ástæðan er þróingsýni. Hugmyndafræði



Haftaheimildirnar einar og sér munu fæla erlenda fjárfesta frá landinu. Beiting þeirra hamlar nýsköpun.

ríkisstjórnarinnar leyfir ekki fjölþjóðasamvinnu um peninga- og gjaldmiðilmál.

Afleiðingin er sú að ríkisstjórnin á ekki annarra kosta völ en að velja höft fremur en frelsi.

Þurfum frjálslynda hugmyndafræði

Haftaheimildirnar einar og sér munu fæla erlenda fjárfesta frá landinu. Beiting þeirra hamlar nýsköpun. Höftin leiða líka til mismununar. Undanþágur eru óhjákvæmilegar. Þeim fylgir spilling.

En hreinskilnin er virðingaverð. Það er sannarlega ekki auðvelt að hefja kosningabaráttu með þennan boðskap. Þegar verð-

bólga hækkar, langtíma vextir hækka og Seðlabankinn getur ekki tryggt ríkissjóði lánsfé í innlendri mynt verða menn að horfast í augu við raunveruleikann.

Ef við hefðum frjálslynda ríkisstjórn væri þegar búið að óska eftir viðræðum við Evrópusambandið um gjaldmiðlasamstarf til þess að tryggja stöðugleika krónunnar og frjáls viðskipti. Slíkt samstarf er forsenda þess að ferðaþjónustan fái eðlilegt starfsumhverfi og þekkingaríðnaður geti orðið sterkari stöð í verðmætasköpuninni.

Viðreisn atvinnulífsins næsta áratug kallar á frjálslynda hugmyndafræði en ekki höft.

Netapótek Lyfjavers

Frí heimsending um land allt!*



Afhendum
samdægurs

á höfuðborgarsvæðinu
mán-lau ef pantað
er fyrir kl. 13:00.


Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is

*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.

LYFJAVER

lyfjaver.is
Suðurlandsbraut 22



TAX FREE

EKKI MISSA AF ÞESSU

REYKJAVÍK | AKUREYRI | SÉTRÞUR



AF ÖLLUM VÖRUM*

HEFST Í DAG!

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum nema vörum frá Simba. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.



www.dorma.is

VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN

NATURE'S REST LUXURY
heilsurúm með Classic botni

VERÐDEMI



160 x 200 cm Nature's Rest Luxury
heilsudýna á Classic botni. Fullt verð: 104.900 kr.

Aðeins 84.597 kr.

AUSTIN
3ja sæta rafdrifinn sjónvarssófi.

VERÐDEMI



Svart eða grátt leður - fullt verð: 234.900 kr.

Aðeins 189.435 kr.

DORMA LUXE
heilsárssæng 140x200 cm

VERÐDEMI



Fullt verð: 25.900 kr.

Aðeins 20.720 kr.

SKEMMTILEGAR PÁSKAVÖRUR
Mikið úrval og gott verð.



LICATA
hornsófi hægri eða vinstri.
Grár eða koníaksbrúnn.

VERÐDEMI



Fullt verð: 269.900 kr.

Aðeins 217.661 kr.

SÆGURFÖT
Mikið úrval og gæði

VERÐDEMI



Fullt verð frá: 10.990 kr.

Frá aðeins 8.792 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 25. mars 2021



Kaia Gerber, dóttir Cindy Crawford.

Kaia Gerber í hryllingssögum

Ofurfyrirsætan Kaia Gerber, 19 ára dóttir hinnar þekktu fyrirsætu Cindy Crawford, hefur ekki aðeins fetað í fótspor móður sinnar í tiskubransanum heldur hefur hún nú fengið hlutverk í sjónvarpsþáttunum American Horror Story. Kaia segir á Instagram að hún sé mjög ánægð með að hafa fengið þetta hlutverk og hlakki mikið til.

Kaia hefur áður verið í nokkrum stuttmyndum og kom lítillga fram í sjónvarpsþáttunum Sister Cities og The Last Day of Summer. Hún er því óskrifað blað sem leikkona. Hins vegar hefur hún getið sér gott orð sem fyrirsæta á öllum helstu tiskusýningum frá árinu 2017.

Frægir leikarar

Í þáttunum leikur Kaia með frægum leikurum á borð við Macaulay Culkin, sem er að koma nýr inn í þættina, Sarah Paulson, Even Peters, Kathy Bates, Leslie Grossman og fleirum. Margt frægt fólk hefur komið fram í þáttunum sem hafa verið sýndir í nokkur ár við miklar vinsældir þótt þarna séu draugahús, hrollvekja og blóðugt ferðalag. Má þar nefna Jessica Lange, Lady Gaga og fleiri.

Í tíundu þáttaseríunni, sem Kaia mun leika í, er sagt að tvær hryllingssögur komi við sögu. Disney hefur boðað þrjár þáttaraðir í viðbót af hryllingssögnum en þessir þættir hafa verið tilnefndir 95 sinnum til Emmy-verðlauna en unnið þau sextán sinnum.

elin@frettabladid.is

Íslensk gæðahráefni
fyrir þig



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

TARAMAR

Frí hreinsíolía fylgir
með hverju næturkremi

í Hagkaup og á
taramar.is



Daniel gengur alltaf með hringa sem hann fékk að gjöf frá foreldrum sínum og hafa tilfinningalegt gildi fyrir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Klæðist eins og ellilífeyrisþegi

Daníel Perez Eðvarðsson lærði myndlist og listgreinakennslu. Hann hefur stundað innhverfa íhugun frá 13 ára aldri og velur litinn á sokkunum sínum út frá stjörnuspeki. **2**



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Það má sannarlega segja að Daníel sé fjölhæfur maður en auk þess að vera með BA gráðu í myndlist og MA í listkennslu þá hefur hann líka lært ljósmyndun í Ljósmynda-skóla Íslands. Daníel hefur einnig lokið framhaldstækni í innhverfri íhugun og stefnir á að klára fimm mánaða kennaranámskeið í tækninni.

Daníel byrjaði að iðka innhverfa íhugun þegar hann var ekki nema 13 ára gamall en hann neitar því ekki þegar hann er spurður hvort það sé ekki svolítið sérstakt að byrja það ungur.

„Ég kynntist þessu af því stjúppabbi minn, Ari Halldórsson, er kennari í innhverfri íhugun. Þegar ég var 13 ára var ég að æfa körfubolta á fullu og þessi innhverfa íhugun kom til tals. Ég spurði Ara hvort innhverf íhugun gæti gert mig að betri körfuboltamanni og hann sagði já. Ég var svo metnaðarfullur í körfubolta og vildi gera allt sem gæti gert mig betri svo ég lærði að íhuga. Þetta var í ágúst 2005 en þá var ég að fara að byrja í 8. bekk í Hagaskóla,“ útskýrir Daníel.

„Ég byrjaði svo á fyrsta degi í Hagaskóla að íhuga tvisvar á dag, maður íhugar í 13 mínútur þegar maður er þrettán ára en svo bætist við ein mínúta á ári þangað til þær eru orðnar 20. Foreldrar mínir voru aldrei að segja mér að íhuga eða hvetja mig til þess. En þetta hjálpaði mér gríðarlega. Ég byrjaði að íhuga, stundum á klósettinu í Hagaskóla en annars heima, áður en ég byrjaði í tíma á morgnana.“

Daníel segir að það megi segja að íhugunin hafi hjálpað honum að vinna úr áfalli sem hann varð fyrir í æsku og hún hafi líka hjálpað honum í námi og körfubolta og áhrifin hafi smitast út í daglegt líf.

„Ég veit að námið mitt tók stakkaskiptum í gagnfræðaskóla, meðal annars kannski af því ég var að íhuga, ég varð svona súper nemandi, ég þurfti að hafa minna fyrir því að læra og fá góðar ein-kunnir og umsagnir fyrir verkefni. Þessi aðferð er svo áhrifarík og hefur verið mikið rannsökuð. Það hefur verið sýnt að hún losar um djúpstæða streitu í taugakerfinu.“

Eftir að Daníel lauk BA-námi í myndlist fór hann í starfsnám hjá hreyfingu innhverfrar íhugunar í Bretlandi og Hollandi. Þar lærði hann meðal annars um stjórnspeki, ayurveda og siddhi-tækni, sem hann segir að sé stundum kennd við jógískt flug. Daníel lauk seinna MA-námi í listkennslu en lokaverkefnið hans í náminu fjallaði einmitt um innhverfa íhugun.

„Lokaverkefnið fjallaði um innhverfa íhugun og um það hvort hún gæti eftl sköpun sem er einn af sex grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá skóla,“ segir Daníel.

„Ritgerðin heitir Fylling í svellandi hug og titillinn er vísun í ljóðið Leiðsla eftir Matthías Jochumsson. Niðurstaðan í ritgerðinni er að innhverf íhugun er leið til að uppfylla betur markmið menntunar um sköpun. Það er hægt að lesa ritgerðina á skemman.is.“

Stjórnspeki smitast í klæðaburðinn

Áhuginn á stjórnspeki og andlegum málefnum hefur meðal annars smitast yfir í klæðaburð Daníels en á hverjum degi klæðist hann sokkum í ákveðnum lit út frá himintunglunum.

„Mánudagur er hvítur því það er tunglið, þriðjudagar rauðir af því það er Mars, miðvikudagar grænir því það er Merkúr, fimmtudagur eru gulir út af Júpiter og föstudagur er frjálss því það er Venus, laugar dagar eru bláir því það er Satúrnus og sunnudagur er gull eða appelsínugulur eins og sólin,“ segir hann.

Daníel veltir líka mikið fyrir sér



Daníel finnst mikilvægt að eiga góðar ullarbuxur og vill vera vel gyrtur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

77 Þessi aðferð er svo áhrifarík og hefur verið mikið rannsökuð. Það hefur verið sýnt að hún losar um djúpstæða streitu í taugakerfinu.

klæðnaði sínum almennt en hann segir að hann hafi ákveðin grunn-gildi í klæðaburði sem byggjast á klassískri herratísku.

„Það hefur alltaf fylgt mér frá unglingsaldri hugmyndin um að fara á móti strauinum. Það er ein-kenni sem ég hef ekki náð að losa mig við. Ég er samt ekkert rosalega skrautlegur til fara en ég tel mig ekki fylgja tiskustraumum. Mér finnst gott að vera í víðum fötum og er alltaf í hlýraból innst sem veitir mér þægindi og hreinleika.“

Daníel segir að honum finnst mikilvægt að eiga góðar og snyrtilega ullarbuxur og hann vill að hægt sé að gyrða buxurnar vel upp og bróka sig vel. Hann segir að líkja megi fatastíl hans við stíl ellilífeyrisþega.

„Ég versla mest í Hjalpræðis-hernum, þeim sáluga í Garðastræti og á Vínlandsleið. Stundum versla ég í Rauða kross-búðinni. Ég kaupi örsjaldan ný föt og þá í verslunum eins og Kronkron, Geysi eða Kormáki og Skildi,“ segir hann.

„Ég elska líka gleraugu og ég geng með fallega hringa sem eru með eðalsteinum sem vísa í Jyotish-

stjórnspekina og eru heilnæmir eðalsteinar fyrir mig. Ég nota rúbín-stein og gulan safír en hringana fékk ég sem gjöf frá foreldrum mínum.“

Lykt hefur áhrif á nærveru

Daníel segist oft kaupa sér ilmkjarnaoliur til að lifga upp á hversdagsleikann í stað þess að kaupa sér ný föt.

„Það hefur sýnt sig að konungar á öldum áður notuðu ilmkjarnaolíu, hún var algjört gull, hún var svo dýr. Það þarf hundruð kílóa rósa til að búa til nokkra millilíttra af olíu. Fyrir mér þá lyftirðu lifinu upp á konunglegan hátt með því að nota ilmkjarnaolíurnar til að lifga upp á hversdagsleikann. Það er hægt að nota góða lykt sem tiskustatement. Hún hefur svo mikil áhrif á nærveru þína gagnvart öðru fólki,“ segir Daníel en hann hefur mikinn áhuga á ilmkjarnamedferð.

„Ég er búinn að fara á grunnnámskeið svo ég get beitt meðferðinni á sjálfan mig en ég hef ekki skírteini til að hjálpa öðrum. Ilmkjarnamedferð er í raun meðferð með jurtum sem eru eimaðar

í ilmkjarnaolíum. Þær hafa áhrif á svokallaðar doshur sem geta skapað jafnvægi í líkamanum. Þær geta örvað eða róað hugann, haft áhrif á meltinguna og öndunina og fleira.“

Daníel segir að hann noti ekki ilmkjarnamedferð samhliða innhverfri íhugun.

„Íhugunin er ekki seremónía og ég vil alls ekki tengja þetta tvennt. Fólk tengir oft hugleiðslu og íhugun saman en þetta er ekki það sama. Í leiddri hugleiðslu er einhver utanaðkomandi sem segir þér hvað þú átt að hugsa og hvað þú átt að gera. En innhverf íhugun virkar ekki þannig, með tilstilli mantra og áreynslulausrar iðkunar leitar hugurinn náttúrulega inn á við sjálfkrafa, þess vegna köllum við þetta íhugun, ekki hugleiðslu.“

Þessa dagana er Daníel í BA-námi í listfræði til að fá betri innsýn í listir og menningu sem hann vonar að geri hann að betri listgreinakennara. En hann segir að hann hafi áhuga á því að lokna námi að læra meira á sviði innhverfrar íhugunar og kenna hana í skólum.

Dior FOREVER

THE EXTRAORDINARY FOUNDATION

97% ÞEIRRA SEM PRÓFUÐU
MÆLTU MEÐ DIOR FOREVER VIÐ AÐRA¹.

95% ÞEIRRA SEM PRÓFUÐU STAÐFESTU AÐ DIOR FOREVER
ENDIST LENGUR Á EN FARÐINN ÞEIRRA¹.

98% ÞEIRRA SEM PRÓFUÐU STAÐFESTU
AÐ DIOR FOREVER FULLKOMNI ÁSÝNDINA¹.

N°1
DIOR FOUNDATION²

Dior dagar í Lyfjum & heilsu Kringlunni dagana 25. – 31. mars. - 20% afsláttur

 Lyf & heilsa



Gabriela E. Pitterl er verslunarstjóri hjá Boss í Kringlunni. Hún hefur puttann á púlsinum þegar kemur að tisku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

YOU ARE
FUCHS SCHMITT

VORYFIRHAFNIR

**SKOÐIÐ
LAXDAL.IS**

f Fylgið okkur á FB

**BERNHARD
LAXDAL**
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skippholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is

Óaðfínanlegur stíll Gabrielu



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn@torg.is

Það er áhugavert að fá innsýn í stefnur og strauða í umhverfismálum hjá tiskurismálum eins og Hugo Boss og sjá hvaða áherslur eru hafðar að leiðarljósi þegar kemur að því að nálgast efnivið í hönnun og framleiðslu á tiskufatnaði og fylgihlutum.

Gabriela Elisabeth Pitterl er verslunarstjóri Hugo Boss í Kringlunni og er með puttana á púlsinum þegar kemur að stefnum og strauðum í tiskunni og í allri framleiðslunni.

Segðu okkur aðeins frá stefnu Hugo Boss þegar kemur að umhverfismálum í hönnunar- og framleiðsluferli þeirra?

„Hugo Boss styður við vinnu við bómullariðnað í Afríku og um leið að aðstoða við uppgang þessarar heimsálfu enda brýn þörf á því.

CMIA (Cotton made in Africa) hjálpar smærri bændum í Afríku að auka uppskeru og passa upp á náttúrulegar auðlindir, hjálpar til að gera bómullariðnað meira

77
Sem dæmi á má nefna þá er ullin sem Hugo Boss notar er frá vottuðum ræktendum sem fylgja ströngustu reglum um dýravelferð. En þegar efni og efnablöndur er valið er ávallt þetta haft að leiðarljósi,“ segir Gabriela stolt af því að geta bent á stefnu framleiðandans. *Hvernig myndir þú lýsa stíl Hugo Boss í einni setningu?*

sjálfbær. Það er bannað að nota erfðabreytt fræ og skógarhögg á stærri skógum og því er fylgt vel eftir.“

Þegar kemur að vali á efni í fatnaðinn hjá Boss, hvað er haft að leiðarljósi?

„Sem dæmi má nefna að ullin sem Hugo Boss notar er frá vottuðum ræktendum sem fylgja ströngustu reglum um dýravelferð. En þegar efni og efnablöndur er valið er ávallt þetta haft að leiðarljósi,“ segir Gabriela stolt af því að geta bent á stefnu framleiðandans. *Hvernig myndir þú lýsa stíl Hugo Boss í einni setningu?*

„Hugo Boss stendur fyrir óaðfínanlegan stíl, ósveigjanleg gæði og ábyrga nálgun á heiminn í kringum okkur.“

Skipta umhverfisspor Hugo Boss miklu máli?

„Já, mjög svo og það er allt gert til að huga að umhverfinu. Hugo Boss gerir mikið úr því að minnka umhverfisspor sitt fyrir plánetuna og komandi kynslóðir.“



Hér má sjá brot af vor- og sumarlinu Hugo Boss á þessu ári þar sem fagaður stíll er í forgrunni, töffarinn fær líka að láta ljós sitt skína og einfaldleikinn nýtur sín til fulls. Kvenleg snið fá að njóta sín á stílhreinan hátt. Runway edition er nýjasta línan og hvíti kjóllinn er lýsandi fyrir línuna þar sem rómantíkin er í hávegum höfð. Eitthvað fyrir alla.



PBO

PHILOSOPHY BLUES ORIGINAL



hjá
Hjahrafnhildi

Innblástur án landamæra



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Ári eftir að heimsfaraldur brast út eru tiskuhúsin að sýna afrakstur sinn á skapandi tíma við skrítnar aðstæður. Valentino sýndi hátískuna 2021 í lokuðum sal í Róm.

Pierpaolo Piccioli er listrænn stjórnandi Valentino og þegar hann lýsir þeirri tísku sem sýnd var í Róm talar hann um handverk og frjálslega sýn. Nokkur glamúr var á sýningunni þótt engir væru áhorfendur og flikurnar nokkuð óvenjulegar. Sérstaklega er skótauið sérkennilegt og varla þægilegt til

að ganga á. „Við sýnum kápur sem eru eins og skúlptúrar, ný tegund af naumhyggju en engu að síður glæsileiki. Hátískan er fyrir alla. Innblástur minn er án landamæra,“ segir Pierpaolo.

Sýningar Valentino hafa alltaf verið sjónrænar og miklar upplifanir fyrir gesti. Maison Valentino var stofnað árið 1960 af þeim Valentino Garavani og Giancarlo Giammetti. Merkið Valentino er heimsmerki sem er stöðugt í þróun. Eigin verslanir eru 175 um allan heim en fatnaðurinn er seldur á 1.500 sölustöðum. Árið 2016 útnefndi

Valentino Pierpaolo sem listrænan stjórnandi og hann hefur haft mikil áhrif á alla hönnun síðan.

Á heimasíðu Valentino er hægt að skoða hið sögulega „Palazzo Mignanelli“ í Róm sem er hús frá endurreisnartímabilinu og hefur þjónað fyrirtækinu síðan 1967. Þarna er hægt að uppgötva heim Valentino í gegnum nýja og gagnvirka upplifun. Merk söfn, söguleg skjalasöfn og saga merkisins. Myndskreytingar eru eftir listakonuna Joana Avillez og slóðin er: valentino.com/en-us/chez-maison-valentino.



Þessi græni litur kemur með sumarið.



Glæsileg kápa með óvenjulegu sniði.



Bleikur kjóll og gullstígvél í hæstu hæðum.



Pils, jakki og rúllukragabólur, dagklæðnaður þeirra sem vilja tolla í tiskunni.



Viðar kápur sem eftir er tekið voru áberandi á sýningunni í flottum litum.



Það er óhætt að segja að frumleikinn sé allsráðandi hjá Valentino í vortiskunni.



Afar sérstök kápa en er glæsileg á hávöxnum dómum. Takið eftir skónum sem varla geta talist þægilegir.

SVANSVOTTUN

Þriðjudaginn 30. mars gefur Fréttablaðið út sérblaðið Svansvottun. Blaðið er gefið út í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Hér gefst fyrirtækjum sem komin eru með Svansvottun að vera með auglýsingu og/eða kynningu.

Þetta er frábær leið til að kynna fyrir neytendum hvað Svansvottun ykkar fyrirtækis stendur fyrir og gera þá meðvitaðri um hvað hún þýðir fyrir þá, framtíðina og fyrirtækin.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við

Ruth Bergsdóttir, sölu- og markaðsfulltrúi
Sími: 694-4103/ruth@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



YEST Tess gallatreggings
fást í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð kr. 10.980



YESTA TessA gallatreggings
fást í fleiri litum
Stærðir 44-60
Verð kr.10.980




YEST Joy gallabuxur
fást í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð kr.11.980



YESTA JoyA gallabuxur
fást í fleiri litum
Stærðir 44-60
Verð kr.11.980



SANDGAARD Stockholm skyrtu
fæst líka í svörtu og hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 12.980



ZHENZI Twist strechbuxur
fást í fleiri litum
Stærðir 42-58
Verð kr. 7.990



ZE-ZE Shape strechbuxur
fást í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð kr.9.990




ZHENZI Jazzy strechbuxur
fást í fleiri litum
Stærðir 42-58
Verð kr.7.990



ZE-ZE Edith strechbuxur
fást í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð kr.7.990



YESTA Ankie Essential tunika
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980



ES&SY Thirsa kósybuxur
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980



YESTA Jalee kjóll
Stærðir 44-52
Verð kr. 17.980



QUE ermalaus kjóll
Stærðir 40-54
Verð kr.23.980



GOZZIP Louise skyrtukjóll
Stærðir 40-56
Verð kr.15.980



TAMARIS inniskór
fást í nokkrum litum
Stærðir 37-42.
Verð kr. 9.990



TAMARIS léttir strigaskór
fást í nokkrum litum
Stærðir 37-42.
Verð kr. 11.9900

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460



Hjördis Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Sunna Apríl kaupir oftast fót í Extraloppunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sunna notar gjarnan húfur, hálsmen og eyrnalokka en er síður gjörn á að ganga með veski. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það er ekkert kynþokkafullt við skjálfandi manneskju

Sunna Apríl Ragnarsdóttir kys þægindi umfram allt þegar kemur að klæðaburði. Hún segir gönguskóna oft verða fyrir valiinu og leggur áherslu á að klæða sig eftir veðri.

Sunna Apríl er tveggja barna móðir sem búsett er í Laugardalnum og stundar nám við sjúkraliðabraut í Fjölbrotaskólanum við Ármúla.

Hreyfing og hámglaup

Sunna þykir einna skemmtilegast að hreyfa sig á ýmsa vegu. „Mér finnst gaman að fara á skiði og svo er góð ganga alltaf skemmtileg með podcast í eyrunum. Ég fer í hverri viku í sund, aðallega bara til að njóta, syndi sjaldan en það kemur fyrir,“ greinir hún frá.

„En ætli ég verði ekki að viðurkenna að það skemmtilegasta sem ég geri er að horfa á góða þáttaröð. Ég er einn versti hámhorfari sem sögur fara af,“ segir Sunna létt í bragði.

Sunna hefur lengi haft áhuga á mörgu sem viðkemur tísku. „Áhuginn kviknaði snemma, eða um tíu til tólf ára aldur. Ég man til dæmis eftir því að ég tók alltaf upp þættina Fashion television með Jeanne Baker sem voru á miðvikudögum.“

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? „Ég veit ekki hvort það sé hægt að lýsa honum. Kannski bara þægilegur. Ég get ekki verið í einhverju sem mér finnst óþægilegt.“

Hver er uppáhaldsflíkin þín? „Engin sérstök. Gönguskórnir eru mikið notaðir.“

Hvaðan færðu innblástur? „Af Pinterest og Instagram aðallega. Svo úr tímaritum þegar það má glugga í þau. COVID hefur þínu sett strik í þann reikning.“

Attu þér einhverja/r tiskufyrirmynd/ir? „Nei, það eru nokkrar á Instagram sem ég fíla en engin er svo sem fyrirmynd.“

Attu þér uppáhaldshönnuð/ir? „Ekki beinlínis. Það eru nokkur merki sem ég fíla en engan sérstakan hönnuð.“

Hvar kaupir þú helst fót? „Extraloppunni mest. Svo bara úti um allt, þaðan sem vindurinn blæs mér.“

Eyðirðu miklu í fót? „Ég veit það ekki alveg. Er frekar skynsöm.“



Sunna þvertur fyrir að klæðast óþægilegum fötum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ætli ég verði ekki að viðurkenna að það skemmtilegasta sem ég geri er að horfa á góða þáttaröð. Ég er einn versti hámhorfari sem sögur fara af.“

Versla mikið notað og sel svo sjálf.“
Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti? „Skór, jakkar og úlpur.“

Notar þú fylgihluti og skart? „Já, allt saman, ég dýrka húfur, eyrnalokka og hálsmen. En ég nenni ekki að ganga með veski.“

Attu þér eitthvert mottó þegar kemur að tísku og klæðaburði? „Að klæða sig eftir veðri. Það er ekkert kynþokkafullt við skjálfandi manneskju.“

Er eitthvað sem þú vilt bæta við? „Munið að brosa. Það er besta tískulúkkid.“

Mest selda liðbættiefni á Íslandi

EYMSLI, STIRÐLEIKI EÐA BRAK Í LIÐUM?

2-3ja mánaða skammtur í hverju glasi



MARINE COLLAGEN FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

Kollagen er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Kollagen er í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannlíkamans og:



- Seinkar öldrun húðarinnar
- Dregur úr sýnilegum hrukum og fínun línunum í húðinni
- Eykur rakastig og stinnleika húðarinnar
- Lagfæra hárfæðslitastvæði
- Stuðlar að upptöku kalsíums og kalsíumuppbótur.

Vítamín C:

- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi tauga- og ónæmiskerfisins
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi og draga úr þreytu
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og aukinni upptöku járns.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is

Arctic Star Marine Collagen Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.



info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

SAFNAÐU!

EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Taktu þátt og safnaðu áheitum á mottumars.is



Krabbameinsfélagið



Fataframleiðendur í Mjanmar mótmæla



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Verkalýðsleiðtogar og verkamenn úr fataiðnaði Mjanmar hafa barist gegn valdaráni herforingjastjórnarinnar af krafti og vilja að alþjóðleg stórfyrirtæki sem starfa þar beiti sér gegn stjórninni og styðji verkamenn sem mótmæla.

Verkamenn og verkalýðsleiðtogar í fataiðnaði Mjanmar hafa átt stóran þátt í að skipuleggja mótmæli gegn valdaráni herforingjastjórnarinnar sem átti sér stað í febrúar. Mótmælendur vilja nýjar alþjóðlegar refsiaðgerðir gagnvart herforingjastjórninni og að stór, alþjóðleg fyrirtæki sem hafa verksmiðjur í Mjanmar verndi verkamenn sína sem taka þátt í andstöðunni.

Öryggissveitir stjórnarinnar hafa brugðist við verkföllum og skemmdarverkum sem hafa verið unnin á fataverksmiðjum í eigu Kínverja, sem eru taldir styðja valdaránið, með grófu ofbeldi og meira en 200 manns hafa verið skotin til bana. South China Morning Post fjallaði um hvers vegna fataframleiðendur taka svona mikinn þátt í mótmælunum og hvaða áhrif það hefur á alþjóðlegt vöruframboð.

Stöðva hjól atvinnulífsins

Fataiðnaður Mjanmar hefur vaxið hratt síðasta áratug, síðan landið opnaði fyrir viðskipti við umheiminn og losnaði við alþjóðlegar refsiaðgerðir. Þannig fimmafaldadist útflutningur milli árána 2012 og 2018 og í dag starfa um 450 þúsund verkamenn í um 600 verksmiðjum í landinu.

Samhliða þessum breytingum spratt upp óflug samstaða og verkalýðsfélög til að tryggja betri laun og aukna vernd fyrir þessa verkamenn. Afleiðingin er að verkamenn í fataiðnaði Mjanmar standa nú saman og hafa sterka verkalýðsleiðtoga með reynslu af beinum aðgerðum. Þetta hefur komið að gagni í andstöðu gegn valdaráni hersins.

Verkamenn í fataiðnaðinum eru bara einn af mörgum hópum sem hafa stundað borgaralega óhlýðni til að setja þrýsting á leiðtoga valdaránsins með því að stöðva hjól atvinnulífsins. Þetta fólk kys tímabundið atvinnuleysi frekar en langvarandi pólitíska kúgun.

Óttast áhrif Kína

Á síðustu árum hafa þónokkrar fataverksmiðjur sem er í eigu kínverskra fjárfesta verið opnaðar í Mjanmar og þær hafa blandast í deilurnar. Það hafa lengi verið áhyggjur af áhrifum Kína þar í



Almenningur í Mjanmar hefur margoft mótmælt valdaráni herforingjastjórnarinnar, sem fór fram í síðasta mánuði. Herforingjastjórnin hefur svarað mótmælendum af gríðarlegri hörku og skotið fjölmarga þeirra til bana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

landi þar sem kínverska ríkisstjórnin átti gott samband við herforingjastjórnina sem stjórnadi landinu til ársins 2011 og hún hefur ekki fordæmt valdaránið sem varð í febrúar. Margir í Mjanmar telja að Kína styðji nýju herforingjastjórnina.

Því urðu verksmiðjur í eigu Kínverja skotmörk mótmælenda, bæði til að tjá reiði og setja aukinn þrýsting á yfirvöld í Kína, þó að vísu hafi mótmælendur neitað að vera á bak við sumar árásirnar. En samkvæmt kínverskum ríkisfjölmiðlum höfðu 32 verksmiðjur verið skemmdar um miðjan mars.

Þann 14. mars voru svo nokkrar verksmiðjur í eigu Kínverja brenndar í úthverfi Yangon. Öryggissveitir skutu á mótmælendurnar og að minnsta kosti 38 létu lífið. Eftir þetta lögðu tugþúsundir verkamanna á flotta með fjölskyldum sínum.

Fordæming frá H&M

Sum stór, alþjóðleg fyrirtæki sem starfa í Mjanmar hafa brugðist við kröfum mótmælenda og fordæmt valdaránið og tilkynnt að til standi að skerða starfsemi þar í landi. H&M, sem er með 45 birgja í Mjanmar, tilkynnti snemma í þessum mánuði að fyrirtækið ætlaði að hætta að panta vörur frá landinu



vegna ofbeldis öryggissveitanna og Benetton Group fylgdi fljótlega í kjölfarið.

Önnur vörumerki hafa áhyggjur af afleiðingunum fyrir afkomu sína, það er erfitt að finna nýja birgja með stuttum fyrirvara og það verður líka erfitt að komast aftur í viðskipti við Mjanmar þegar ástandið skánar. Þau hafa líka áhyggjur af þeim mikla fjölda verkamanna sem verða atvinnulausir.

Vörmerkin C&A, Mango, Zara og L.L. Bean hafa öll fordæmt valdaránið en ekki tekið nein skref til að skerða starfsemi sína í Mjanmar.

Ógnar ekki framboði

Fataiðnaðurinn í Mjanmar er enn lítill miðað við önnur lönd í A-Asíu og fyrirtæki sem eru enn í viðskiptum við landið segjast hafa vara-áætlanir til að geta leitað til annarra birgja á svæðinu ef nauðsyn krefur, svo óróinn þar í landi ætti ekki að hafa mikil áhrif á vöruframboð.

Þó að Mjanmar hafi verið 11. stærsti fataútflytjandi heims árið 2018 er hlutdeild landsins í heildarmagni fataframleiðslu minni en 1% og landið sér tiskufyrirtækjum í Evrópu og Bandaríkjunum fyrir minna en 0,1% af heildarnotkun þeirra.

Verkamenn framleiða fatnað í verksmiðju í borginni Yangon í Mjanmar. Verkamenn í fataiðnaði og verkalýðsleiðtogar þeirra hafa mótmælt valdaráni herforingjastjórnarinnar af krafti.

DÝRALÆKNINGAR

Sérblað um dýralækningar kemur út 31. mars

Í þessu blaði geta dýralæknastofur og dýraspítalar leyft lesendum að fræðast um starfsemi, þjónustuna og fólk á bak við stofuna sína.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími: 550-5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu

Bestu krossgátukaupin



Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjónusta einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Garðyrkja

Felli tré og gryssa og klippi runna. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjum. s:698 1215

Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Pakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.
https://runarmurari.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjónusta hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Önnur þjónusta

Bestu krossgátukaupin



Keypt & Selt

Til sölu



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

Bestu krossgátukaupin



FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut



MOSAGATA 13-15 í Urriðaholti í Garðabæ

NÝJAR ÍBÚÐIR Í MOSAGÖTUNNI - BÓKIÐ TÍMA Í SKOÐUN HJÁ OKKUR, VIÐ ERUM VIÐ SÍMANN.

LANDMARK fasteignamiðlun kynnir 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir með sérinngangi eða sérinngangi af stigapalli í lyftuhúsi í Urriðaholtinu í Garðabæ.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna, bílastæði eru í kjallara og á lóð.

Frábær staðsetning og miklir útivistarmöguleikar en Mosagatan liggur hátt í holtinu með glæsilegu útsýni yfir byggðina til suðurs og vesturs.



Ingibjörg Jónsdóttir, lgf.
Símanúmer 897 6717
inga@landmark.is



Sigurður Samúelsson, lgf.
Símanúmer 896 2312
sigurdur@landmark.is



Þórey Ólafsdóttir, lgf.
Símanúmer 663 2300
thorey@landmark.is



Höfði Lodge á Skælu við Grenivík – tillaga að deiliskipulagi

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti á fundi sínum þann 23. mars 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir hótél á Skælu við Grenivík skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er alls 10 ha að stærð og er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði 209 VP í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagstillagan tekur til nýbyggingar hótels og starfsmannaíbúða alls um 6950 fm að flatarmáli auk gatnagerðar, lagna og landmótunar.

Skipulagstillagan tekur til framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og fylgir umhverfisskýrsla auglýstri tillögu.

Skipulagstillagan mun liggja frammi á sveitarstofu Grýtubakkahrepps milli 29. mars og 10. maí 2021 og verður einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, grenivik.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna til mánudagsins 10. maí 2021. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatróð 9 Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi



Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- Breyting á starfsleyfi Fiskeldis Matorku ehf. í Fells múla, Rangárpíngi ytra,
- Lyfjaframleiðsla Pharmarctica, Grenivík,
- Tilraunaföngun og –föngun Carbfix á CO₂ og H₂S á Nesjavöllum

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 26. apríl 2021.



SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

**AÐALSKIPULAG GARÐABÆJAR 2016-2030,
BREYTING - GARÐAHOLT OG GARÐAHVERFI, OG
BREYTING Á DEILISKIPULAGI GARÐAHVERFIS.
FORFYRNING.**

Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Garðabær hér með forfyrningu á eftirfarandi tillögum að breytingum á aðalskipulagi og deiliskipulagi.

**Garðaholt og Garðahverfi, tillaga að breytingu á
Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030**

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna svæðis Grænagarðs (1.89) í Garðahverfi. Einnig er gert ráð fyrir nýjum tengistíg í Garðahverfi frá félagsheimili Garðaholts ofan Garðavegar að útivistarstíg niðri við ströndina. Um leið eru lagðar til leiðréttingar á landnotkunartáknum í Garðaholti sem voru ekki réttir á staðfestum aðalskipulagsupprætti.

Garðahverfi, tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á lóðarmörkum og byggingarreitum í Katrínarkoti, Háteigi, Hausastöðum og Pálshúsum, breyttri afmörkun Grænagarðs og að skilgreind verði lóð umhverfis núverandi íbúðarhús í Grænagarði.

Að öðru leyti er vísað í framlögð gögn.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 25.03.2021 til og með 26.04.2021. Einnig eru þær aðgengilegar á vef Garðabæjar. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn ábendingar við tillögurnar.

Frestur til að skila inn ábendingum rennur út mánudaginn 26.04.2021. Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið skipulag@gardabaer.is.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Hringbraut 116/Sólvallagata 77 – Steindórsreitir

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 11. mars 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Steindórsreits vegna Hringbrautar 116/Sólvallagötu 77. Í breytingunni felst færsla á innkeyrslu í bílakjallara og minniháttar breytingar tengdar því. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 25. mars 2021 til og með 11. maí 2021. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 11. maí 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 25. mars 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsæta viðgerðir-, mótörhjóna og snjósléðasæti. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR

EFTIR

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is



Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARET ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ
GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta. Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Ferðabjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðabjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



HVÍTANES
Merino buxur
Kr. 11.990.-

ELÍ Flíspeysa
Kr. 11.990.-



VOGAR Húfa
Kr. 990.-



MÁR
Tveggja laga regnjakki
Kr. 18.990.-



STRAUMNES
Barna merino ullarbuxur
Kr. 3.990.-

Vinir
fá sérkjör

Skráning á icewear.is

BRIMNES Meðalþykkir göngusokkar
Kr. 2.150.-



KLETTUR Merino húfa
Kr. 2.990.-



HELLA Sundpoki
Kr. 2.590.-



HVÍTANES Merino bolur
Kr. 13.990.-

LYNG Ullarsokkar
Kr. 1.590.-



SALEWA Alpenrose 2 MID
Kr. 30.990.-



REYNSIFJARA
Göngustafir
Kr. 9.990.-



ASOLO
Drifter GV EVO
Kr. 32.990.-

MÍA
Tveggja laga regnjakki
Kr. 18.990.-



RÖKKVI
Göngubuxur
Kr. 11.990.-



ASOLO Falcon
Kr. 29.990.-

ENGEY Húfa með mynstur beggia vegna
Kr. 2.790.-



SALKA
Göngubuxur
Kr. 9.990.-

STRAUMNES
Barna merino ullarpeysur
Kr. 4.490.-



GRÍMSEY Hanskar
Kr. 2.900.-



FUNI Dúnúlpá
Kr. 33.990.-



Embla Thermore® Ecodown®
dúnjakki kr. 17.990.-

HVÍTANES
Merino peysa
Kr. 13.990.-



FJÖRÐUR Hanskar með gripi
Kr. 2.990.-



BRÁ Dúnvesti
Kr. 14.990.-



MÍA Tveggja laga regnbuxur
Kr. 14.990.-

ELÍ Flíspeysa
Kr. 11.990.-



STEINAR Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-



Þín útivist - þín ánægja

ICEWEAR  **MAGASÍN**

KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

Ragnar færast nær Rúnari

FÓTBOLTI Fimm leikmenn sem eru í leikmannahópi íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu í komandi landsleikjaglugga eru farnir að narta í hæla Rúnars Kristinssonar sem er leikjahæsti leikmaðurinn í sögu landsliðsins.

Rúnar lék 104 af þeim 499 landsleikjum sem íslenska liðið hefur spilað, fyrir leikinn gegn Þjóðverjum í kvöld. Ragnar Sigurðsson er næstur á listanum yfir leikjahæstu leikmennina með 97 landsleiki og þar á eftir kemur Birkir Már Sævarsson með 95 landsleiki.

Birkir Bjarnason er svo í fjórða sæti með 92 leiki og Aron Einar Gunnarsson í því fimmta með 91 leik. Fyrir neðan Hermann Hreiðarsson og Eið Smára Guðjohnsen er svo Kári Árnason með sína 87 landsleiki. – hó

Óstöðvandi í undankeppnum

FÓTBOLTI Andstæðingar Íslands í dag, þýska landsliðið, hafa verið svo gott sem óstöðvandi í síðustu undankeppnum og er því líklegast hlutverk Íslands að berjast um annað sætið í riðli Íslands í undankeppni HM þetta skiptið. Það myndi veita Íslandi þátttökurétt í umspili fyrir HM í Katar.

Síðan Joachim Löw tók við þýska landsliðinu eftir HM 2006 hefur þýskalandi aðeins einu sinni mistekist að lenda í efsta sæti riðilsins í undankeppnum. Það var í fyrstu undankeppni Löw fyrir EM 2008 þar sem þýskaland fékk 27 stig af 36.

Í sjö undankeppnum undir stjórn Löw hefur þýskaland fengið 181 stig af 207 mögulegum, þar af tvisvar endað undankeppnina með fullt hús stiga. – kpt



Ísak Bergmann verður í lykilhutverki hjá Íslandi í Ungverjalandi.

Piltarnir mæta Rússum í dag

FÓTBOLTI Íslenska U-21 árs landsliðið í knattspyrnu hefur í dag leik í lokakeppni Evrópumótsins en leikið verður í Gyor í Ungverjalandi. Andstæðingar dagsins eru Rússar en með þeim í riðli eru svo Danmörk og Frakkland. Íslenska liðið leiðir saman hesta sína við Dani á sunnudaginn kemur og Frakka á miðvikudaginn.

Alfons Sampsted sem var fyrirlíði íslenska liðsins í undankeppninni er í A-landsliðinu og ber Jón Dagur Þorsteinsson, leikmaður AGF, því fyrirlíðabandið á EM.

Bakvörðurinn Valgeir Lunddal Friðriksson, sem gekk til liðs við sænska úrvalsdeildarliðið Häcken frá Val síðastliðið haust, er að glíma við smávægileg meiðsl í kálfa og Andri Fannar Baldursson sem leikur með ítalska A-deildarliðinu Bologna fékk nýverið högg.

Davíð Snorri Jónasson, sem tók við íslenska liðinu í upphafi þessa árs er vongóður um að þeir geti tekið þátt í leiknum í kvöld. – hó

Ráðast á hæsta fjallið í byrjun

Ísland hefur keppni í undankeppni HM 2022 gegn Þjóðverjum í fyrsta leik Strákanna okkar undir nýju þjálfarateymi í dag. Gylfi Þór Sigurðsson missir af sínum fyrsta leik í undankeppni fyrir stórmót í átta ár.

FÓTBOLTI Nýtt þjálfarateymi íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, sem samanstendur af Arnari Þór Víðarssyni, Eiði Smára Guðjohnsen og Lars Lagerbäck, fær verðugt verkefni í sínum fyrsta leik, sem er í undankeppni HM 2022. Andstæðingarnir í 500. landsleik íslenska karlalandsliðsins verða Þjóðverjar og leikurinn fer fram í Duisburg í kvöld.

Hafi verkefnið ekki verið nógu strembið fyrir þá verður íslenska liðið án Gylfa Þórs Sigurðssonar í fyrsta skipti í undankeppni eða lokakeppni stórmóts, síðan sumarið 2013. Þá laut liðið í lægra haldi fyrir Slóveníu í undankeppni HM 2014.

Síðan þá hefur Gylfi Þór leikið 46 mótisleiki í röð í undankeppni og lokakeppnum EM og HM. Kantmaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson, sem leikur með Burnley, er svo tæpur fyrir leikinn og mun að öllum líkindum hefja leikinn á varmannabekknun.

Hjá Þjóðverjum dró Toni Kroos, miðvallarleikmaður Real Madrid, sig úr leikmannahópnum vegna meiðsla, annar miðjumaður þýska liðsins, Joshua Kimmich, er tæpur fyrir leikinn í kvöld vegna veikinda.

Arnar Þór Víðarsson, þjálfari íslenska liðsins, sagði á blaðamannafundi í gær að Jóhann Berg Guðmundsson, sem hefur æft undir handleiðslu sjúkrahjálfa en ekki með liðinu í vikunni, sé leikfær, en geti ekki spilað alla þrjá leiki í þessum landsliðsglugga en eftir leikinn gegn Þjóðverjum bíða leikir gegn Armeníu og Liechtenstein handan við hornið. Sömu sögu er að segja af Ragnari Sigurðssyni.

Arnar Þór og Eiður Smári spiluðu leikkerfið 4-1-4-1 þegar þeir stýrðu U-21 árs landsliðinu og þeir hafa látið í veðri vaka að það verði leikkerfið sem þeir muni nota hvað mest með A-landsliðið þó önnur leikkerfi komi að sjálfsögðu til greina.

Þjálfarateymið hefur haft lítinn tíma til þess að koma inn með hugmyndafræði sína, en það vinnur með þeim að leikmannahópurinn



Það mun mikið mæða á Aroni Einari og félögum á miðjunni að hjálpa til gegn sóknarleik Þjóðverja. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fimm sem voru í hóp í leiknum frá

Margir muna eftir falletum sumardegum um miðjan ágústmánuð árið 2010 þegar íslenska U-21 árs landsliðið í knattspyrnu karla lagði Þjóðverja að velli með sannfærandi hætti á Kaplakriavelli. Það var á þeirri stundu sem von kviknaði hjá mörgum knattspyrnuáhugamönnum um bjartari tíma með fleiri blómum í haganum.

Í þeim leik skoruðu Birkir Bjarnason, Kolbeinn Sigþórsson, Gylfi Þór Sigurðsson og Alfreð Finnbogason mörk Íslands í 4-1

sigrilíðsins. Gylfi Þór og Alfreð eru fjárrí góðu gamni í komandi leikjum en Birkir og Kolbeinn verða á sínum stað í íslenska hópnum á morgun.

Fyrir utan Birkir og Kolbein spiluðu Hólmar Örn Eyjólfsson, Jóhann Berg Guðmundsson og Guðlaugur Victor Pálsson í leiknum í Kaplakrika og verða í hópnum í Duisburg í kvöld. Í leikmannahópi Þjóðverja er hins vegar enginn leikmaður sem laut í lægri haldi í leiknum á Íslandi fyrir rúmum tíu árum síðan.

er samsettur af leikmönnum sem hafa allflestir leikið lengi saman og þá er ekki um mikla breytingu að ræða á leikstíl frá fyrri þjálfurum liðsins. Lars Lagerbäck hefur svo unnið með lungann af þeim leikmönnum sem skipa hópinn í dag og því þekkir hann eiginleika þeirra út og inn.

Líklegt byrjunarlið Íslands: Hannes Þór Halldórsson – Hörður Björgvin Magnússon, Kári Árnason, Sverrir Ingi Ingason, Alfons Sampsted – Albert Guðmundsson, Birkir Bjarnason, Aron Einar Gunnarsson, Guðlaugur Victor Pálsson, Arnór Ingi Traustason – Jón Daði Bóðvarsson.

hjoarvaro@frettabladid.is

Munu líklega herja á veikleikana í okkar leikkerfi

FÓTBOLTI Arnar Bergmann Gunnlaugsson, fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu og þjálfari karlaliðs Vikings í knattspyrnu, býst við að Þjóðverjar muni pressa stíft á íslenska liðið og vera aðgangsharðir í leik liðanna í kvöld.

„Þýska liðið fékk slæman skell í síðasta leik sínum gegn Spánverjum og þeir vilja bæta upp fyrir það. Þá vilja þeir sýna það strax að þeir muni fara þægilega upp úr riðlinum í þessari undankeppni og að þeir séu enn með eitt af bestu liðum heims. Svo er Joachim Löw að hætta með liðið í sumar og hann vill kveðja liðið á góðum nótum,“ segir Arnar um komandi leik.

„Þjálfarateymi þýskalands er búið að greina 4-1-4-1 leikkerfið sem Arnar Þór og Eiður Smári spiluðu með U-21 árs landsliðið mjög vel og þeir gjörþekkja þá veikleika sem er hægt að herja á í því leikkerfi. Leikmenn íslenska liðsins þurfa að passa upp á að Aron Einar Gunnarsson verði ekki einn að verjast á stóru svæði. Leikmenn á borð við Ilkay Gündogan og Leon Goretzka eru mjög góðir í að fá



Þjálfararið Arnar Þór og Eiður Smári gerðu flotta hluti með U21 árs lið Íslands áður en þeir voru færðir upp stiggann fyrir í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

boltann í svæðinu á milli miðju og varnar og skapa usla. Þá munu þeir freista þess að láta Serge Gnacry, Timo Werner og Leroy Sané ógna með hraða sínum og krafti á bak við varnarlinuna okkar,“ segir þjálfarinn um líklega leikmynd.

„Þó svo að íslenska liðið þurfi að vera skynsamt til baka og á einhverjum tímupunktum í leiknum verjast í einhvern tíma í 4-5-1 lágpressu, þá megum við ekki falla of langt til baka. Þá verður of löng leið til þess að beita skyndisóknum sem verða, auk fastra leikatriða, sóknarvopnin okkar í leiknum.“

Leikmannahópur Íslands er á betri stað núna en í Ungverjaleiknum síðasta, hvað það varðar að formið heilt yfir er betra á liðinu, að mínu mati. Það ættu fleiri að geta haldið stöðugu tempói allan leikinn en þeir gerðu í þeim leik. Það þarf hins vegar að dreifa leikjaálaginu vel í þeim þremur leikjum sem fram undan eru þar sem það er klárt að leikmenn eins og Kári, Ragnar, Jóhann Berg og Kolbeinn geta ekki spilað alla leikina,“ segir Arnar enn fremur. – hó

JS Watch co.
REYKJAVIK



Við kynnum stoltir nýja skífu í Frisland 1941 Pilot línuna okkar.

Nýja skífan er græn með burstaðri áferð og sjálflýsandi stöfum en einnig fást úrin með svartri, silfraðri eða blárrí skífu með sjálflýsandi stöfum sem má sjá hér fyrir neðan.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.



GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com



Merkisatburðir



1838 Póstskip sem hafði lent í hrakningum við Dyrhólaey og borið til Noregs, kemur til landsins eftir að hafa beðið færís að komast til Íslands í fjóra mánuði.

1956 Selfoskirkja er vígð.

1975 Vatnsfjörður í Barðastrandarsýslu er friðlýstur, um 100 km² lands.

1985 Bandaríska kvikmyndin Amadeus fær Óskarsverðlaun sem besta kvikmyndin.

1990 Fyrstu lýðræðislegu kosningarnar í Ungverjalandi fara fram.

1992 Alþingi afnemur sjötiu ára gömul lög um bann við löndun úr erlendum fiskiskipum á Íslandi.

1992 Sergej Konstantínóvits Krikaljev snýr aftur til jarðar eftir 311 daga dvöl í geimstöðinni Mir.

2000 Skautahöllin á Akureyri er formlega opnuð.

2001 Schengen-samstarfið tekur gildi á Norðurlöndunum.

2008 Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti í 15%.



„Ég er þakklát fyrir að hafa látið verða af því að vígjast,“ segir séra Jónína Ólafsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ákvað ung að verða prestur

Jónína Ólafsdóttir er nýr sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju. Hún litur á starfið sem guðsgjöf. Fyrsta messan í firðinum er afstaðin og mörg börn hafa hlotið skírn.

Nú voru nýjar reglur um fjölda kirkjugesta að taka gildi en ég vona að þær vari ekki lengi. Ég er búin að skíra mörg börn undanfarið, sum frekar stálpuð, gátu næstum sagt nafnið sitt sjálf og eitt mótmælti harðlega þegar ég ætlaði að ausa það vatni!“ segir séra Jónína Ólafsdóttir, nýr sóknarprestur Hafnarfjarðarkirkju, glaðlega. Hún kveðst þakklát fyrir að hafa fengið þetta starf. „Ég er full tilhlökkunar. Mér finnst vinnan mín guðsgjöf og er viss um að ég á eftir að njóta mín hér.“ Hún viðurkennir að andlegt álag geti fylgt prestsstarfinu á vissum tímum. „En það merkilega er að það vinnst upp á milli og það sem maður heldur að taki mest á er ekki endilega það erfiðasta. Auðvitað er sorglegt að jarða ungt fólk, ekkert kemst í líkingu við það. Starfið snýst um mannleg samskipti og að gera eins vel og maður getur.“

Valinn maður í hverju rúmi
Hafnarfjarðarkirkja er tignarleg og Jónína segir hljómurð þar góðan. „Að

tóna og flytja ræður hér er áreynslulaust,“ segir hún og lýkur líka lofsorði á samstarfsfólkið. „Hér er einn af bestu organistum landsins, Guðmundur Sigurðsson, Barböruróttir með flotta atvinnusöngvara, Bylgja Dís Gunnarsdóttir æskulýðsfulltrúi, flink söngkona og Helga Loftsdóttir sem hefur stjórnað barna- og unglingakórnum í tvo áratugi, að ógleymdum prestinum Jóni Helga Þórarinssyni, sem er sérfræðingur í sálum og litúrgíu.“

Fékk köllun tólf ára

Það var í gamalli sveitakirkju norður í landi sem Jónína ákvað að verða prestur, þá tólf ára. „Ég ólst upp í Ljósavatnsskarði og þetta var í kirkjunni að Hálsi í Fnjóskadal, örugglega í jólamessu. Þá hugsaði ég: Þetta er starfið sem mig langar í. Að visu tók ég BA-próf í íslensku og var jafnvel að hugsa um að taka kennsluréttindi en hætti við, skellti mér í guðfræðina, sem er skemmtilegt og gott nám, og eignaðist tvö börn meðan á því stóð. Ég er þakklát fyrir að hafa látið verða af því að vígjast, hef gaman

af tónlist og söng, að halda ræður og vera innan um fólk. Það eru stórar vörður í lífinu, bæði í sorg og gleði, sem starf prestsins snýst um, skírnir, fermingar, giftingar, skilnaðir og andlát, þannig að hann þarf að geta gefið af sér,“ lýsir hún.

Hlakkar til að messa í Krýsuvík

Jónína vígðist til afleysinga í Dalvíkurprestakalli 2018, sem hún sinnti í sex mánuði. Fékk svo prestsstarf á Akranesi en börnin hennar tvö, níu ára dóttir og tólf ára sonur, voru ekki alveg til í að flytja úr vesturbæ Reykjavíkur upp á Skaga. Hún segir sóknarpreststarfið meira „fullorðins“ en almennt prestsstarf. Því fylgi ábyrgð á safnaðarstarfinu, kirkjunni og eigum hennar, skýrslugerð og seta á sóknarnefndarfundum. „Ég hef alveg gaman af að vasast í svona – vinkonur mínar skilja það ekki! Í þessari sókn eru tæplega níu þúsund manns og ég átta mig á að þetta er allt annað starf og annasamara en prestsstarf úti á landi. Við erum að taka við Krýsuvíkurkirkju í sumar, það býður upp á ýmislegt skemmtilegt.“ gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Leifur Ísleifsson

Sléttuvegi 27, áður Haðarlandi 1,

lést föstudaginn 19. mars á Líknardeildinni í Kópavogi.

Útförin fer fram í Frikirkjunni í Reykjavík föstudaginn 26. mars kl. 15.

Bergljót Halldórsdóttir

Halldór Leifsson
Grétar Leifsson
Trausti Leifsson
Ísleifur Leifsson
Lárus Leifsson

Majumi Maja Yamada
Anna Linda Aðalgeirsdóttir
Guðbjörg Jónsdóttir
Gróa Ásgeirsdóttir
Friða Mathiesen

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófestsdæma (KGRP)



Samningsbundin stytting vinnuvikunnar, úr 40 tímum í 36 tíma, tók gildi hjá KGRP eins og mörgum öðrum fyrirtækjum í ársbyrjun 2021.

Frá og með föstudeginum 9. apríl munu starfsmenn KGRP ljúka vinnudegi kl. 12:00 á hádegi og verður það fyrirkomulag áfram á föstudögum.

Þetta fyrirkomulag hefur lítil sem engin áhrif á útfarartímana sem verða áfram kl. 11:00, 13:00 og 15:00 alla virka daga, einnig á föstudögum.

Það sem breytist á föstudögum er þetta:

- Ekki verður hægt að bóka útför í athafnarýmum hjá KGRP í Fossvogi.
- Ekki verður tekið á móti kistum til jarðsetningar á föstudögum.

Tekið verður á móti duftkerum til jarðsetningar til 11:30 á föstudagsmorgnum og athafnarými verða opin fyrir kistulagningarbætur til kl. 11:00.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 585 2700 og á slóðinni: kirkjugardar.is/fostudagur



Minn hjartkæri og heittelskaði eiginmaður, faðir okkar, sonur, bróðir, tengdasonur, tengdafaðir og afi,

Ingólfur Haukur Kristjánsson

stýrimaður,

lést í faðmi fjölskyldunnar á

Landspítalanum 11E fimmtudaginn 18. mars. Útför fer fram í Lindakirkju miðvikudaginn 31. mars kl. 13.00. Útförinni verður streymt. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en við bendum á að styrkja Ljósið. Reikningsnúmer: 0130-26-410520, kt. 590406-0740.

Sigrún Hildur Guðmundsdóttir

Elisabeth Lind Ingólfssdóttir
Rakel Ingólfssdóttir
Kristján Ingi Ingólfsson
Jakob Freyr Atlason
Linda Steingrimsdóttir
Ingibjörg H. Guðmundsdóttir

Ástvaldur Helgi Gylfason
Justine Guillouzeuic
Skarphéðinn Hjálmarsson
Helgi Ingvarsson
systkinin og makar,
barnabörn.



Elskulegur sambýlismaður minn, sonur, bróðir, vinur, mágur og frændi,

Ásgeir Þór Ásgeirsson

varð bráðkvaddur á heimili sínu 22. mars 2021. Útförin verður auglýst síðar.

Kristbjörg Smáradóttir Hansen

Sigurlin Gunnarsdóttir
Ásgeir Egilsson

Eiríkur Jónsson
Sara Sofía Roa Campo

systkini, vinir og aðstandendur.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

BAUHAUS®

Mikið úrval af hágæða rafmagnspottum, komdu og sjáðu úrvalið í nýja sýningarsalnum okkar!



599.995.-

DenForm®

Rafmagnspottur California

GV 3190240A

200 x 200 x 82 cm. 6 sæti þar af 1 hægindasæti, 4 venjuleg sæti og 1 barnasæti. 23 stútar og 2 loftbólustútar. Háeinangraður fyrir norðlægur slóðir. Slitþolinn og með viðhaldsfriðu ytra byrði. Með lýsingu undir vatnsborði og ósonhreinisferfi. Bandarískur Balboa stjórnbúnaður. Einangrunarlok fylgir. Aukabúnaður: möguleiki á WIFI tengingu.



BAUHAUS
VIÐ
JÖFNUM
VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Hefur þú séð nýju BAUHAUS blöðin?

Páskaverð

20%

afsláttur af öllu parketi

BRUNN, BLOORING, PERGO, BERRYALLOC, moland//, LOGOCLIX, b.design, PARADOR



Páskaverð

20%

afsláttur af allri málningu og viðarvörn frá Sadolin og Pinotex



VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Með fyrirvara um myndbrengr, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk. Tilboðin gilda aðeins frá fimmtudeginum 25. mars til og með 31. mars meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík 0 7 °C °C	Ísafjörður -1 14 °C °C	Akureyri 2 2 °C °C
Egilsstaðir 3 1 °C °C	Kirkjubæjarkl 1 8 °C °C	Hveravellir -4 3 °C °C

Austlæg átt í dag, víða 8-13 m/s og slydda eða snjócoma með köflum. Hiti um eða yfir frostmarki. Gengur í norðaustan hvassviðri eða storm um landið NV-vert seinni partinn með kólnandi veðri.

Föstudagur

Reykjavík -1 12 °C °C	Ísafjörður -5 15 °C °C	Akureyri -2 16 °C °C
Egilsstaðir 2 5 °C °C	Kirkjubæjarkl 1 15 °C °C	Hveravellir -8 16 °C °C

Laugardagur

Reykjavík -7 6 °C °C	Ísafjörður -7 9 °C °C	Akureyri -5 2 °C °C
Egilsstaðir -7 4 °C °C	Kirkjubæjarkl -6 4 °C °C	Hveravellir -13 7 °C °C

LÉTT

4	2			9		
1	3	8		4	7	2
	7			1		4
6	4	1			3	
		2				
8			2	5		1
7	8			1		9
			9		8	
9	4	8	2		7	

MIDLUNGS

		9	8		2	1
	2		7		4	3
	3		5			9
9	4			2		
		7	3	4		
	6					
6			1	7		5
4						1
	5				9	

PUNG

						3	4	
7		6				5	1	
					1		7	
	5	9	4				1	
			9	3		6		
	2							
				9		7	4	2
		5		6		9		
3			8		7			

Krossgáta

- LÁRÉTT**
1 flónskur
5 ellegar
6 íþróttafélag
8 skrúbbur
10 tveir eins
11 fát
12 virki
13 seytlar
15 að vísu
17 skora
- LÓDRÉTT**
1 mánuður
2 fyrrum
3 gættinn
4 hljóðfæri
7 stíll
9 hindra
12 dund
14 eldsneyti
16 ryköggn

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 fávís, 5 eða, 6 í, 8 bústí, 10 m, 11 pat, 12 borg, 13 ágær, 15 nauvar, 17 skora, LÓDRÉTT: 1 febrúar, 2 áður, 3 var, 4 sitar, 7 rit, 8 er, 9 sporna, 12 bank, 14 gas, 16 ar.

Skák Gunnar Björnsson

Simon Þórhallsson (2.222) átti leik gegn Jóhönnu Björg Jóhannsdóttur (1.935) á Yrðlingamóti TR.

24. Rxf7! Kxf7 25. dxe6+ Ke8 26. Dxc4! Df7 27. exd7+ Kxd7 28. Rxc6 og hvítur vann skömmu síðar. Arnljótur Sigurðsson sigraði á þriðjudagsmóti TR. Sjötta og næstsíðasta umferð Öðlingamóts TR fór fram í gær.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Hvítur á leik



2	4	5	3	1	9	6	7	8
9	6	7	2	4	8	1	3	5
8	1	3	6	5	7	9	2	4
6	7	9	1	8	2	5	4	3
1	8	2	4	3	5	7	6	9
3	5	4	7	9	6	8	1	2
4	9	1	5	6	3	2	8	7
7	3	8	9	2	1	4	5	6
5	2	6	8	7	4	3	9	1
3	9	2	7	1	4	8	6	5
7	8	4	6	5	2	9	1	3
1	5	6	8	9	3	7	4	2
2	3	8	9	4	6	5	7	1
9	6	1	2	7	5	3	8	4
4	7	5	1	3	8	6	2	9
8	1	7	3	2	9	4	5	6
5	2	3	4	6	7	1	9	8
6	4	9	5	8	1	2	3	7
4	5	1	6	7	9	2	8	3
6	2	3	8	1	4	7	9	5
7	8	9	5	2	3	1	8	4
2	7	8	9	4	5	6	3	1


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

BÍLAR



Hjólhafið er nú 55 mm lengra en áður sem þýðir meira innanrymi.

Peugeot frumsýnir þriðju kynslóð 308

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Peugeot frumsýndi í lok síðustu viku þriðju kynslóð 308 hlaðbaksins ásamt nýju merki fyrirtækisins. Það sem er helst í fréttum er að hann verður boðinn í tveimur tengiltvinnútgáfum frá upphafi.

Nýr Peugeot 308 er byggður á sama undirvagni og síðasta kynslóð en það er útgáfa af EMP2 sem kom fyrst fram í annarri kynslóð Peugeot 308. Útlitið kemur svo sem ekkert á óvart enda byggir það á sömu línunum og í hinum smærri 208 með áherslum frá nýju útliti 308. Í heildina er hann sportlegri með lækandi húddi, stærra grilli, áberandi axlarlínunum og hvassari ljósum. Peugeot 308 er 1 mm lengri og 20 mm lægri en fyrirrennarinn, en það sem mestu máli skiptir er að hjólhafið hefur aukist um 55 mm. Þrátt fyrir minni skögun að aftan er meira pláss í farangursrymi sem er nú 412 lítrar, sem er með því besta í flokknum.

Að innan hefur Peugeot 308 fengið alveg nýja hönnun ásamt nýjasta upplýsingakerfinu. Miðstöðvartúður eru mjög ofarlega og undir þeim er 10 tommu snertiskjár sem stjórnar flestu í innanrymi. Apple CarPlay og Android Auto er nú staðalbúnaður. Hægt er að fá skjáinn með leiðsögukerfi frá TomTom og er hægt að stilla útlit og uppsetningu svípað og á spjaltdölvu. Undir skjánum eru



Búið er að endurhanna innréttingu að mestu leyti og kominn er nýr 10 tommu upplýsingaskjár.

hnappar sem hleypa notanda beint í stjórnborð fyrir miðstöð, síma eða útvarp. Hið svokallaða i-Cockpit mælaborð er enn til staðar þar sem að stýrishjólíð er undir skjánum, sem er nú með þrívíddarbúnaði.

Nýr Peugeot 308 verður í boði frá upphafi með tveimur bensínvélum, einni dísilvél og tveimur tengiltvinnútfærslum. Minnsta vélin er 1,2 lítra bensínvél með forþjöppu sem skilar 108 hestöflum, en í annarri útfærslu skilar hún 128 hestöflum og fær átta þrepa sjálfskiptingu. Dísilvélin er 1,5 lítra, fjögurra strokka vél með forþjöppu sem skilar 128 hestöflum. Minni tengiltvinnútgáfan er með 148 hestafla bensínvél ásamt 109 hestafla rafmótor og 12,4 kWst rafhlöðu sem á að duga til 60 km aksturs. Óflugri útgáfa með sama rafmótor en 178 hestafla bensínvél á að skila samtals 222 hestöflum. Peugeot 308 mun fara í sölu seinni hluta ársins að sögn Bennýjar Óskar Harðardóttur, sölustjóra Peugeot á Íslandi, og er hann væntanlegur í sýningarsali Brimborgar í lok árs.



Kona N er lægri og með nýjum stuðara og grilli eftir nýju andlitslyftinguna.

Hyundai Kona í N-útgáfu

Hyundai hefur kynnt útlit og tækni Kona N, en í þeim bíl fær þessi litli jepplingur tveggja lítra vél sem er sú sama og í i30 N. Getur hann þá keppt við bíla eins og Volkswagen T-Roc og Ford Puma ST, til að mynda.

Eins og sjá má af myndinni er útlitið allt mun ákveðnara á Kona N, með breiðari stuðara, nýju grilli með fleiri loftinntökum og nýjum hliðarhlífum. Að aftan er það tvöfalt pústkerfi sem aðgreinir hann frá öðrum Kona ásamt vindskeið sem skipt er í miðju með hástæðu, þríhyrningslaga bremsuljósi. Rauðar línur eru líka áberandi á neðri hluta bílsins. Billinn er lægri en

hefðbundin Kona enda með lægri fjöðrun ásamt stærri bremsudiskum. Sem annan búnað má nefna tregðulæsingu, spyrnustýringu og Pirelli götudekk.

Aðeins verður hægt að fá bílinn með átta þrepa sjálfskiptingu þegar hann kemur á markað. Hestafla-tölur hafa ekki verið gefnar upp enn þá, en vélin í i30 N er 247 hestöfl og getur verið allt að 271 hestöfl í sumum útgáfum. Að sögn Ragnars Steins Sigþórssonar hjá Hyundai á Íslandi hefur ekki verið ákveðið hvort að Kona N komi til landsins, en verður það þó að teljast ólíklegt eins og er.

Mercedes-Benz EQA rafbíllinn kominn í sýningarsali Öskju

Nýr EQA er kominn til landsins og er til sýnis og reynsluaksturs í sýningarsal Mercedes-Benz, hjá Öskju á Krókhálsi 11.

Nýr EQA er hreinn rafbíll með allt að 426 km drægi samkvæmt WLTP staðli og engan útblástur. Bíllinn er búinn öflugum 66,5 kW rafhlöðum og útbúinn 190 hestafla rafmótor sem skilar honum úr kyrrstöðu í hundraðið á 7,9 sekúndum ef miðað er við EQA 250. Hámarkstog EQA 250 er 375 nm. Von er á EQA með fjórhjóladrifi strax í sumar en sala á þeim bíl er einnig hafin hjá Öskju. Sá bíll verður í boði með allt að 285 hestafla útfærslu sem er aðeins 5,5 sekúndur úr kyrrstöðu í hundraðið.

EQA er byggður á hinum nýja MFA2 undirvagni frá Mercedes-Benz sem verður einnig notaður í EQB en sá bíll verður sjö manna rafdrifinn fjölskyldujepplingur, sá fyrsti frá Mercedes-Benz. Hönnun EQA er flott og framsækin og í anda EQ-stefnu þýska lúxusbílaframleiðandans og á hann margt að sækja í EQC, fyrsta rafsportjeppa Mercedes-Benz. Má þar nefna LED línu á fram- og afturljósum bílsins og sportlegt grillið að framan. EQA verður í boði í þremur útfærslum; Pure, Progressive og Power, en grunnútfærsla bílsins er þegar mjög vel útbúin. Til dæmis má nefna 2x 10,25" stafrænt stjórnrymi með



EQA verður í boði í þremur útfærslum; Pure, Progressive og Power.

» Fjórhjóladrifinn EQA kemur í sumar og EQS og EQB verða heimsfrumsýndir um miðjan apríl.

MBUX margmiðlunarkerfi, bakkmyndavél, blindpunktsaðvörðun, íslenskt leiðsögukerfi, Apple CarPlay, lykillaust aðgengi o.fl. Bíllinn er auk þess búinn öllum helstu öryggis- og akstursaðstöðarkerfum frá Mercedes-Benz.

EQA er einnig með snjallri hleðslutækni sem býður upp á ýmsa möguleika varðandi hleðslu. EQA er með 100kW DC hraðhleðslugetu og 11kW AC hleðslugetu. Því er hægt er að hlaða bílinn allt að 80% á 30 mínútum í hraðhleðslu en það tekur um 5 klukkustundir og 45 mínútur að fullhlaða í venjulegri heimahleðslustöð og u.þ.b. 4 klukkustundir frá 10-80%. Það er mikið um að vera hjá Mercedes-Benz í rafbílaþróuninni. Þess má geta að nýir EQS og EQB verða heimsfrumsýndir 15. og 18. apríl næstkomandi.



Frá tilnefningarnefnd vegna aðalfundar Haga hf. 2021

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn fimmtudaginn 3. júní 2021.

Þeim hluthöfum sem vilja eiga fund með tilnefningarnefnd eða koma skilaboðum á framfæri við nefndina í aðdraganda aðalfundar 2021 er bent á að hafa samband við tilnefningarnefnd eigi síðar en 14. apríl nk. á netfangið tilnefningarnefnd@hagar.is.

Þeim sem vilja gefa kost á sér til setu í stjórn Haga hf. er bent á að tilkynna það skriflega til tilnefningarnefndar Haga hf. eigi síðar en 23. apríl 2021 á netfangið tilnefningarnefnd@hagar.is. Nauðsynlegt er að frambjóðendur notist við framboðseyðublað sem finna má á vefsíðu Haga en þar þarf meðal annars að upplýsa um bakgrunn og hæfi frambjóðanda, auk þess að gera grein fyrir hvernig frambjóðandi uppfyllir skilyrði sáttar Haga hf. við Samkeppniseftirlitið frá september 2018.

Framboðseyðublað og nánari upplýsingar um viðmið tilnefningarnefndar við mat á frambjóðendum má finna á vefsíðu Haga hf., www.hagar.is/fjarfestaupplýsingar/adalfundur.

Tillögur tilnefningarnefndar um frambjóðendur til stjórnar verða tilkynntar þann 12. maí nk.

Tilnefningarnefnd Haga hf.



blómaval

Páskablóm í úrvali



Páskaliljur
Afskornar, 10 stk.

1.490 kr



Páskagreinar
Forsythia,
3 greinar í búnti.

1.099 kr



Krýsi
11 cm pottur.

1.490 kr



Páskaliljur
Í potti. 10327505

879 kr



Túlípanar
10 stk.

1.490 kr
~~2.490~~ kr



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Kaffivélar

20%
afsláttur



Alþjóðlegi
vöfflugurinn
er í dag



Vöfflugurinn

25%
afsláttur



25%

9 LTR.



Vegg- og
loftamálning

Hentar bæði á loft-
og vegg. 7119781-4

7.490 kr
~~9.995~~ kr



40%

FERRO

Eldhústæki
Ferro Zumba.
7810100

9.990 kr
~~16.795~~ kr



GROHE

Eldhús-
blöndunartæki

Start Loop OHM
C-spout. 7911066

13.990 kr
~~19.365~~ kr

27%



20%

damixa

Eldhús-
blöndunartæki

Damixa Silhouet, brass.
8000070

33.990 kr
~~42.365~~ kr



Ný sending

Pallaef

**BLACK+
DECKER**

Allar borvélar frá
Black+Decker

20%
afsláttur



Nilfisk

Allar Nilfisk
háþrýstidælar

20%
afsláttur





Pottar og pönnur

20%
afsláttur



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

BERK

Þvottavél,
1400 sn.

8 kg, 14 mismunandi
þvottakerfi, orkuflokkur
A+++, hljóðstyrkur
57dB, í vindu 79dB,
85x47x59,5 cm.
1860471



Kynningarverð

54.900 kr

21%

~~69.990~~ kr Fæst í Skútuvoði og vefverslun

Vefverslun

**Sendum
samdægurs**



husa.is



NLEY.

nið er komið

40%

metabo

Borvél, 18 V

2 stk., 2.0Ah rafhlöður,
hersla 60Nm, kolalaus
mótor, taska fylgir.
5159467

29.930 kr

~~49.965~~ kr



HIKOKI

Borvél, 18 V

+ 100 fylgihlutir

2 stk., 2.5Ah Li-ion
rafhlöður, 13 mm
patróna, mótorbremsa,
22 átakstillingar, hersla 20/52Nm,
Led ljós, 2ja gíra. 5247085

39.995 kr

~~49.976~~ kr



Makita

Borvél, 18V

+ fylgihlutir

Höggvél, 2 stk.,
1.5Ah Li-ion
rafhlöður, 2ja
hraða, 0/400/1400 sn./mín., hersla 42Nm,
16 átakstillingar, hleðslutími 60 mín. 5255490

36.995 kr

~~49.995~~ kr



26%

30%

**BLACK+
DECKER**

Borvél, 12 V + 100 fylgihlutir

Rafhláða 1.5Ah, Li-ion, 2 stk., hersla 25Nm,
10 mm patróna. 5245566

14.995 kr

~~21.495~~ kr



Áhersla á að verkin tali til samtímans

Una útgáfuhús er með metnaðarfulla þýðingaseríu. Stofnendur útgáfunnar vilja stuðla að innrás nýrra strauma í íslenskan bókmenntaheim. Tvö þýdd úrvallsverk eru þegar komin út og fleiri eru á leiðinni.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Einar Kári Jóhannsson, Jóhannes Helgason, Kristín María Kristinsdóttir og Styrmir Dýrfjörð standa að Unu útgáfuhúsi. Útgáfan er með metnaðarfulla þýðingaseríu sem hófst með meistaraverkinu Beðið eftir barbörumum eftir J. M. Coetzee og nýjasta bókinn er Brjálsemisssteinninn brottuminn, eftir Alejandra Pizarnik.

„Með Unu útgáfuhúsi lögðum við upp með að gefa út góðar bókmenntir, bæði eftir íslenska höfunda og vandaðar þýðingar. Þannig vildum við stuðla að innrás nýrra strauma í íslenskan bókmenntaheim,“ segir Einar Kári. „Þýðingar eru eitt helsta áhugamál okkar, það er alltaf gaman að lesa góðar bókmenntir en það er sérstök nautn að upplifa þær á móðurmálinu. Þýðingar stækka menningu okkar og tungumál, til þess að geta náð utan um þennan víðfeðma heim á íslensku er mikilvægt að þýða lýsingar alþjóðlegra rithöfunda á umhverfi sínu og aðstæðum. Við sjáum líka marga leita frekar í enskuna og viljum sérstaklega benda ungu fólki á að mikið af íslenskum þýðingum eru á heims-mæliskvarða.“

Vandað til verka

Spurður um hugmyndina á bak við þessa nýlegu áskriftarröð segir Einar Kári. „Sígild samtíma- verk, eins og við skilgreinum þau, eru merkileg bókmenntaverk frá öllum heimshörnum eftir misþekktu höfunda frá 20. og 21. öld. Hið gildishlaðna orð „sígilt“ er því notað í stærra samhengi en bara yfir undirstöður vestræna bókmennta. Við leggjum áherslu



Þýðingar stækka menningu okkar og tungumál, segir Einar Kári Jóhannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

á að verkin tali til samtímans og undirstrikum það með ítarlegum eftirmálum sem fylgja hverri bók. Einnig vöndum við til verka í frágangi og hönnun, en útlit bókanna er nýstárlegt. Á bakhliðinni er flipi sem er brotinn saman yfir kápuna, hann má svo nota sem bókamerki við lestur, og í staðinn fyrir mynd á kápu er textabrot, því textinn sjálfur skiptir mestu máli.“

Langur listi af bókum

Um valið á bókum og þýðendum segir hann: „Til að byrja með ákváðum við að finna þýðingar sem fólk átti í skúffunni. Við leitum að hugsjónafólki sem hafði dundað sér við að þýða merki- legar bækur en fyrir ýmsar sakir ekki komið þeim út. Fyrsta bókinn í röðinni, Beðið eftir barbörumum, var til að mynda þýdd fyrir útvarp

snemma á níunda áratugnum en kom ekki út á bók fyrr en nú, í endurskoðaðri útgáfu. Við munum einnig ráða þýðendum, enda með langan lista af góðum bókum sem þurfa að koma út á íslensku.

Fyrsta bókinn, Beðið eftir barbörumum, er ein helsta skáldsaga Nóbelskaldsins J.M. Coetzee frá Suður-Afríku. Það er táknræn saga um kúgun og völd sem talar einkar

**ÞAD ER EINNIG
ÁNÆGJULEGT AÐ SJÁ
ÞÆR SKAPA UMRÆÐU, TIL
DÆMIS HEFUR BEÐIÐ EFTIR
BARBÖRUNUM VERIÐ NOTUÐ Í
KENNSLU.**

sterkt til samtímans. Næst kom úrval ljóða og texta eftir Alejandra Pizarnik frá Argentínu. Hún var ansi mögnuð skáldkona sem þorði að rannsaka ýmsa kima sálarlífsins og mannlegs eðlis sem flestir hika við eða forðast.“

Spurður hvaða bækur séu væntanlegar segir Einar Kári: „Eitt af því sem gerir áskriftarraðir skemmtilegar er að vita ekki hvað kemur næst fyrr en bókinn lædist inn um lúguna. En ég get ljóstrað því upp að næstu tvær bækur verða eftir konur. Sú fyrri var brautryðjandi í upphafi síðustu aldar og hin er stórstjarna í bókmenntaheiminum nú í upphafi 21. aldar.“

Skapa umræðu

Hann segir viðtökur hafa verið mjög góðar. „Fjölmargir hafa lýst yfir ánægju sinni með bækurnar og þær hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda. Það er einnig ánægjulegt að sjá þær skapa umræðu, til dæmis hefur Beðið eftir barbörumum verið notuð í kennslu.“

Þýddar fagurbókmenntir seljast því miður ekki í bílförum hér á landi. „Við vissum að þetta yrði barátta, en vonum að með tímanum nái ritröðin sterki fötfestu,“ segir Einar Kári. „Áskriftarformið er lykkillinn að því að svona gangi upp og með því að skrá sig í áskrift er fólk því að stuðla að útgáfu góðra þýðinga. Hægt er að skrá sig á heimasíðunni okkar, www.utgafuhus.is, og fá tvær bækur heimsendar á ári, eina að vori og aðra að hausti. Bækurnar rata svo auðvitað líka í allar helstu bóka- búðir.“

Var það sjálfur Óðinn sem kveikti í Fagradalsfjalli?

TÓNLIST



Ólafur Kjartan Sigurðarson
barítón söng uppáhaldstónlist sína. Bjarni Frimann Bjarnason lék á pianó.

Norðurljós í Hörpu

föstudaginn 19. mars

Maður á aldrei að hitta átrúnaðargóð sín. Það er ávisun á vonbrigði. Rithöfundurinn Pasternak dáði tónskáldið Skrjabin öðrum fremur. Loks fékk hann að hitta hann. Veröld hans hrundi til grunna þegar hann komst að því að Skrjabin var ekki með svokallað fullkomið tóneyra. Það er hæfileikinn til að muna tónhæð, það er að geta greint í hvaða tóntegund er sungið eða leikið, alveg hjálparlaust. Sú mýta gengur fjöllum herra á netinu að allir tónsnillingar séu með þessa gáfu. Svo er ekki.

Annað tónskáld sem var ekki heldur með fullkomið tóneyra var Richard Wagner. Pasternak hefði örugglega orðið fyrir vonbrigðum



Söngur Ólafs Kjartans var stórbrotinn, segir Jónas Sen. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

við að hitta hann. Ekki bara út af skortinum á fullkomnu tóneyra, heldur líka af því að Wagner var fráhrindandi persónuleiki. Satt best að segja var hann algert kvikindi.

Óðinn bankar í fjallið

Þetta er furðulegt, því tónlistin hans er svo falleg. Á tónleikum Ólafs Kjartans Sigurðarsonar, barítón, í Norðurljósasalnum í Hörpu, var Wagner í öndvegi. Ólafur hefur

líka vakið mikla athygli á erlendri grund fyrir túlkun sína á honum. Hápunkturinn á Wagner-veislunni var þegar Ólafur brá sér í gervi Óðins. Það var í atriði í hinum mikla fjórleik, Niflungahringnum, þegar hann refsar dóttur sinni fyrir eitthvað ægilegt. Hann sviptir hana guðdóminum og lætur hana falla í dvala á miðjum fjallstindi. Því næst bankar hann í fjallið, og við það kviknar vafurlogi sem aðeins sönn hetja getur komist í gegnum. Síðar kemur í ljós að það er Sigurður Fáfnisbani.

Í flutningnum á tónleikunum var ljósinn á veggjum Norðurljósasalnum breytt í rautt þegar vafurloginn kviknaði. Það var áhrifaríkt, eins og maður væri umlukur eldi. Svo undarlega vildi til að á akkúrat því augnabliki byrjaði að gjósa í Fagradalsfjalli. Mikill er máttur tónlistarinnar – eða goðanna.

Dálítið óhugnanlegt

Söngur Ólafs Kjartans var stórbrotinn. Röðin var mögnuð, í senn öguð og þróttmikill. Hápunktarnir

voru tröllslegir, en samt var litróf tilfinninganna víðfeðmt; þar brá fyrir viðkvæmni líka. Bjarni Frimann Bjarnason spilaði á pianó, og leikur hans var fullur af snerpu og innlifun, tæknilega flottur og glæsilegur. Heildarútkoman var hástemmd, tignarleg og dálítið óhugnanleg í stærð sinni, eins og völdugt náttúrafl. Einmitt þannig á Wagner að hljóma.

Auk Wagners voru önnur tónskáld á dagskránni, fyrst og fremst Verdi. Rétt eins og Wagner lék hann í höndunum á Ólafi, og Bjarni var frábær líka. Hver einasta hending var þrýðilega mótuð. Flæðið í tónlistinni var óheft og þrungið dramatiskum átökum. Magnaðasta atriðið var líklega þegar Stuart Skelton, tenór, vatt sér óvænt upp á svið og söng með Ólafi dúett úr Ótello. Hann var svo kraftmikill að maður hélt sér ósjálfrátt fast í sætinu og leitaði að bílbeltum. Þetta var ógleymanlegt. Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Í stuttu máli sagt stórfenglegir tónleikar.



Fréttumfjöllun fyrir alla

kl. 18.30 á virkum dögum

Fjölbreytt fréttumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Á fréttavaktinni er fjallað um helstu fréttir dagsins í umsjá þeirra Margrétar Erlu Maack, Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís.
- 19.00 Markaðurinn (e)** Fjölbreyttur viðskiptafréttabáttur í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknnum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við Þóru Einarsdóttur, óperusöngkonu um líf hennar og list.
- 20.30 Fréttavaktin** Á fréttavaktinni er fjallað um helstu fréttir dagsins.
- 21.00 Suðurnesja-magasín Vikurfretta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón Páll Ketilsson.
- 21.30 Sir Arnar Gauti** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimaleikfimi**
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Lífarsjúkdómar á Íslandi
10.05 Boxið 2016 - framkvæmdakeppni framhaldsskólanna
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Spólað yfir hafið Fyrri hluti
12.15 Heimaleikfimi
12.25 Eldsmiðjan
13.10 Eldað með Niklas Ekstedt
13.40 Landakort Tekst á við Parkinsonsjúkdóminn með saumaskap.
13.50 England - Sviss Bein útsending frá leik á EM U21 karla í fótbolta.
15.50 Eldhugar íþróttanna Diego Maradona
16.20 Tákn málsfréttir
16.30 EM stofan Upphitun á leik Íslands og Rússlands á EM U21 karla í fótbolta.
16.50 Ísland - Rússland Bein útsending frá leik á EM U21 karla í fótbolta.
18.50 EM stofan Uppgjör á leik Íslands og Rússlands.
19.00 Fréttir og veður
19.15 HM stofan Upphitun á leik Þýskalands og Íslands í undankeppni HM karla í fótbolta.
19.35 Þýskaland - Ísland Bein útsending frá leik í undankeppni HM karla í fótbolta.
21.30 HM stofan Uppgjör á leik Þýskalands og Íslands.
22.00 Tiufréttir
22.25 Veður
22.30 Glæpahneigð Criminal Minds
23.10 Lokaða samkvæmið Det slutna sällskapet
00.10 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 09.30 European Tour** Bein útsending frá Kenya Savannah Classic.
14.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center
14.20 PGA Tour 2020
17.20 PGA Tour. The Cut 2021
18.00 World Golf Championship Bein útsending frá Dell Technologies Matchplay.

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify**
13.00 Dr. Phil
13.45 The Late Late Show
14.30 Superstore
14.55 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back
15.40 90210
16.40 Family Guy
17.00 The King of Queens
17.20 Everybody Loves Raymond
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 The Kids Are Alright
19.40 Single Parents
20.10 Með Loga
20.45 Hver drap Friðrik Dór? Skemmtilegir heimildarháðspættir þar sem fylgst er með Villa Netó rannsaka meint andlát söngvarans Friðriks Dórs.
21.25 9-1-1 Dramatísk þáttaröð um fólkið sem sent er á vettvang þegar hringt er í neyðarlínuna.
22.15 Fargo
23.05 The Late Late Show
23.50 The Resident
00.35 Station 19
01.20 Law and Order. Special Victims Unit
02.05 Roadkill
03.00 The Good Lord Bird
03.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegðið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegðið seinni hluti
13.00 Dánarfregni
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.05 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Þið eruð keppendurnir!
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Mannlegi þátturinn
20.00 Sinfóniútónleikar Mahler nr. 4
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.09 Lestur Passíusálma (44 af 50)
22.15 Samfélagið
23.10 Segðu mér
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.40 Western Stars** Bruce Springsteen býður áhorfendum í sannkallaða tónlistarveislu.
13.05 Time Freak
14.45 The Kindergarten Teacher
16.20 Western Stars
17.40 Time Freak
19.20 The Kindergarten Teacher
21.00 Atonement
23.00 Joker
00.55 American Renegades
02.40 Atonement

STÖÐ 2

- 07.55 Heimsókn**
08.15 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Gilmore Girls
10.45 It's Always Sunny In Philadelphia
11.05 Fresh off the Boat
11.25 Ísbiltúr með mömmu
11.50 Dýraspítalinn
12.35 Nágrannar
12.55 Gossip Girl
13.35 Tribe Next Door
14.25 The Greatest Dancer
15.30 X-Factor Celebrity
16.50 The Million Dollar Wedding Planner
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 BBQ kóngurinn
19.40 Temptation Island USA
20.25 Hell's Kitchen USA
21.10 NCIS
22.00 NCIS. New Orleans
22.45 Real Time With Bill Maher
23.40 Tell Me Your Secrets
00.30 Prodigal Son 2
01.15 Finding Alice
02.05 Veronica Mars
02.45 The O.C.
03.25 Gossip Girl Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
04.05 It's Always Sunny In Philadelphia

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA


- 08.00 Barnaefni**
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Office
21.10 Who Do You Think You Are?
22.15 Svínasúpan
22.40 Nashville
23.25 Roswell, New Mexico
00.05 Friends
00.30 Friends
00.50 The Office

STÖÐ 2 SPORT

- 10.15 Stjarnan - Haukar** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
11.55 Njarðvík - Valur
13.35 Grindavík - Keflavík
15.15 Breiðablik - Tindastóll Útsending frá leik í Lengjubíkar kvenna.
17.00 Dominos Korfuboltakvöld - kvenna
17.45 Skíði
18.05 Þór Þ. - KR Bein útsending frá leik í Dominos-deild karla.
20.05 Haukar - ÍR Bein útsending frá leik í Dominos-deild karla.
22.00 Dominos Tilprifin 17. umferð

STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.30 Markaðurinn HM**
09.00 Tyrkland - Holland
10.40 Belgía - Wales
12.20 Bournemouth - Southampton Útsending frá leik í FA Cup.
14.05 Leicester - Manchester United
15.45 Stærstu augnablik Meistaradeildarinnar
16.50 Ísrael - Danmörk
18.55 Football League Show
19.35 England - San Marínó Bein útsending frá leik í undankeppni HM.
21.45 Markaðurinn HM
22.15 Ítölsku mörkin
23.05 Þýskaland - Ísland



ÁFRAM ÍSLAND!



Græjaðu ferminguna hjá okkur



Glæsilegir kaupaukar fylgja

Aðgangur í VR flóttaleiki í Smárabíó fylgir með öllum farsímum, spjaldtölvum og snjallúrum* auk þess sem 30 daga aðgangur að Stöð 2+ fylgir með öllum farsímum og spjaldtölvum. **Kynntu þér vöruúrvalið í verslunum Vodafone og á Vodafone.is**



*Tilboðið gildir meðan birgðir endast

Nýtt í bíó

Dómar í erlendum miðlum



THE CROODS: THE NEW AGE

Internet Movie Database: 7,0
Rotten Tomatoes: 77%
Metacritic: 56



THE FATHER

Internet Movie Database: 8,2
Rotten Tomatoes: 98%
Metacritic: 88



JUDAS AND THE BLACK MESSIAH

Internet Movie Database: 7,6
Rotten Tomatoes: 96%
Metacritic: 85



NOMADLAND

Internet Movie Database: 7,6
Rotten Tomatoes: 94%
Metacritic: 93

Birtíngur í bakgarðinum

KVIKMYNDIR

Þorpið í bakgarðinum

★★★★★

Leikstjórn: Marteinn Þórsson
Aðalhlutverk: Laufey Elíasdóttir, Tim Plester, Eygló Hilmarsdóttir, Sóley Elíasdóttir

Titill kvikmyndarinnar Þorpið í bakgarðinum er býsna lýsandi, bæði fyrir söguviðið og umgjörð sjálfrar kvikmyndagerðarinnar sem fór að mestu fram í bakgarði heimilis leikstjórans Marteins Þórssonar og rithöfundarins Guðrúnar Evu Mínervudóttur í Hveragerði.

Þar sinna þau ferðaþjónustu í hjáverkum með útleigu tveggja smáhýsa bak við íbúðarhúsið og þar bankar Brynja, aðalpersóna myndarinnar, upp á til þess að falast eftir gistingu í því sem í myndinni er auglýst sem Backyard Village.

Athvarf týndra sálna

Þegar fertugi kokkurinn Brynja, sem Laufey Elíasdóttir leikur, bankar upp á hjá Matta, sem Helgi Svavar Helgason gerir skemmtilega kómísk skil, er hún nýútskrifuð af Heilsuhælinu en treystir sér ekki strax heim til Reykjavíkur. Hún er beinlínis á flótta undan sjálfri sér en þó fyrst og fremst undan möður sinni og flóknum fjölskyldumálum sem kalla á uppgjör sem hún er ekki tilbúin í.

Hún hefur fát annað en sigarettur sínar til að halla sér að í einsemdinni og eymdinni í kofanum. Það er að segja þangað til nágranninn í næsta kofa bankar upp á og býður henni í kvöldmat; ORA fiskibollur úr dós í bleikri sósu.

Óvænti bjargvætturinn heitir Mark og er fimmtugur ferðamaður frá Bretlandi og var ekki síður á flótta frá sjálfum sér og óbærilegum harmi þegar hann leitaði athvarfs í þorpinu í bakgarðinum þar sem hann hefur dvalið vikum saman.

Hægeldað tilfinningahakk

Þorpið í bakgarðinum er notalegt skjól frá heimsins harmi en hrekkur skammt sem slíkt og þótt mennskur kjarni sögunnar sé hlýr þá svífur kuldaleg feigð yfir þessu Hveragerði þar sem Brynja og Mark rækta sorgir sínar, ótta og jafnvel sjálfsvígshugsanir.

Samtöl þeirra tveggja knýja söguna áfram þannig að það er enginn hasar í gangi og hægagangurinn er slíkur að einhverjum kann að þykja nóg um. Slíkur er fát hægast að segja annað en að slappa bara af.

Þetta er þannig mynd að það á bara að horfa og leyfa sögunni að



Fiskibollur í bleikri sósu eru ekki verri en hvað annað til þess að brjóta isinn milli tveggja týndra sálna. MYND/SKJÁSKOT



Tim Plester situr afskaplega vel í hlutverki Marks enda veit hann ekki betur en það hafi að einhverju leyti verið skrifað með hann í huga. MYND/SKJÁSKOT

mjaka sér að hjartastað og sá þar fræjum. Þegar upp er staðið rúmast nefnilega lífið allt í einum bakgarði og þaðan má taka helling með sér til þess að hugsa um og máta sjálfan sig við.

Marteini ferst ákaflega vel að hægelda myndina ofan í áhorfendur. Hann er að vísu löngu búinn að ná meistaratökum á því sem nú er tíska í kvikmyndagerð og kennt við hægagangurinn og verður því tæpast sakaður um að hafa hér stokkið á vagninn. Bíómyndir verða nefnilega varla meira sous vide en frumraun hans One Point O frá 1994.

Tim hittir í mark

Myndin hvílir eðlilega helst á þeim Laufeyju og Tim í aðalhlutverkunum og sem betur fer missa þau hana aldrei. Laufey er nánast alltaf í mynd og rétt eins og myndin sjálf vinnur hún hægt og bitandi á og er að lokum orðin eins og góð vinkona sem mann langar til þess að taka utan um.

Tim situr hins vegar svo áberandi notalega í hlutverki Marks að hann nær sterku sambandi við mann um leið og hann bankar fyrst upp á. Ákaflega lágstemmt sjarmerandi leikari með ofboðslega notalega nærveru á tjaldinu. Kannski ekki furða þar sem hann upplýsti í



Eygló Hilmarsdóttir leikur Gunnhildi. Systurina sem flytur fjölskyldudramað til Brynju í athvarf hennar í þorpinu í bakgarðinum. MYND/SKJÁSKOT

nýlegu viðtali við Fréttablaðið að hann vissi ekki betur en hlutverkið hafi að einhverju leyti verið skrifað með hann í huga.

Brynja kemst að kvikunni

Samleikur þeirra tveggja er áreynslulaus og týndu sálirnar sem þau leika ná ágætlega saman. Manni finnst þó að það hefði mátt nota rólegheitin til þess að kynna persónunum aðeins betur. Undir lokin er að vísu fyllt aðeins upp í myndina af Mark með einræðu en það hefði verið fengur að því að fá að komast aðeins nær Brynju.

Persónurnar komast þó hægt og rólega nær kviku hvor annarrar þar sem allt er í raun botnfrosið og litlar líkur á gosi. Leikar æsast þó til

muna þegar móðir og systir Brynju ráðast inn í þorpið og raska sorgarjafnvæginu þannig að Brynja og Mark geta ekki lengur aðeins speglad sig hvort í öðru og þurfa að horfast í augu við sjálf sig.

Þá springur sagan líka loks út og fegurð hennar kristallast í því hversu langt fólk þarf oft að fara og leita víða til þess að komast að því að maður verður að rækta garðinn sinn.

Þórarinn Þórarinsson

NIDURSTAÐA: Ósköp falleg og mannleg mynd um tvær týndar sálir sem mætast óvænt í Hveragerði þar sem svo skemmtilega vill til að þeim tekst að ná áttum eftir að hafa komist að mikilvægi þess að rækta garðinn sinn.

Réttlæti fyrir Snyder

KVIKMYNDIR

Zack Snyder's Justice League

★★★★★

Leikstjórn: Zack Snyder
Leikarar: Henry Cavill, Gal Gadot, Ben Affleck, Ray Fisher, Jason Momoa, Ezra Miller

Justice League fékk ekki hlýjar viðtökur þegar hún brotlenti í kvikmyndahúsum heimsins árið 2017. Zack Snyder, leikstjóri myndarinnar, hafði þurft að segja sig frá verkefninu í miðjum klíðum vegna áfalls í fjölskyldunni og var það undir framleiðendum komið að tjasla öllu saman. Afraksturinn var frekar glataður og vildu hördustu aðdáendur meina að ef Snyder

hefði ekki vikið frá verkefninu væri útkoman allt önnur. Eftir mikið mas og þras leit þessi umtalaða útgáfa Snyder nýlega dagsins ljós.

Það fyrsta sem hafa þarf í huga við hið svokallaða Snyder cut er að það er riflega fjórir klukkutímar að lengd, eða tvisvar sinnum lengri en útgáfan sem kom út árið 2017. Til samamburðar var The Irishman eftir Martin Scorsese þrjár og hálfur tími og sögðust margir hafa þurft að horfa á hana í hollum. Að ofurhetjumynd sé svona löng er auðvitað út í hött og ætti út af fyrir sig að vera nóg til að fæla frá alla nema nördalegustu og forvitnustu áhorfendurna. En er myndin betri fyrir vikið?

Já, Snyder cuttið er vissu-



Réttargæslufólkið sameinað á ný.

lega mun betra en Frankenstein skrimslið sem Warner Brothers framleiddi á sínum tíma. Persónusköpun er dýpri og fær hver hetja meiri tíma til að njóta sín. Söguuppbyggingin er sterkari og mörg atriði sem virtust á sínum tíma furðuleg ganga nú upp þegar almennilegt samhengi er til staðar. Mikilvægast af öllu er þó samræmið. Snyder hafði ákveðna sýn á Justice League sem stendur mun betur í lappirnar en bútasamurinn frá 2017.

Það er ekki þar með sagt að myndin sé góð. Rétt eins og margar af fyrri myndum Snyders er myndin frekar litlaus, bæði í eiginlegri merkingu og þegar kemur að persónum og söguþræði. Epíska sögu-

sviðið er ógurlega flatt en ólíkt Marvel og Avengers myndunum var ekki löng nægilega sterk undirstaða fyrir ofurhetjusamsuðu af þessari stærðargráðu. Þá er skúrurinn Steppenwolf þínlega lélegur í augljósu samanburði við Thanos í Avengers-myndunum.

Deyjandi kynstofn DC-comics aðdáenda mun líklega njóta sín vel yfir Snyder cuttina. Fyrir aðra er það í versta falli allt of löng meðalmynd. Hvað sem öðru líður er hún þó góð grunnlína til að skoða hversu kámuð fingraför framleiðenda eru í lokaafurð leikstjórans.

NIDURSTAÐA: Snyder hefur Justice League upp úr ræsinu og gerir hana að meðalmynd í lengra lagi.

KFC

TALAÐU VIÐ VEGGINN!


Á Íslandi eru átta KFC-staðir og bílalúgur við þá alla.

Í bílalúgunni talar þú ekki við fólk heldur við vegginn.

Þú greiðir snertilaust með korti eða síma.

Við réttum þér ekki matinn, þú þarft bara að taka hann.

**8^x BÍLA
LÚGA**



PÁSKAOPNUN

SKÍRDAGUR

11:00 – 19:00

FÖSTUDAGURINN LANGI

11:00 – 19:00

LAUGARDAGUR

11:00 – 19:00

PÁSKADAGUR

11:00 – 19:00

ANNAR Í PÁSKUM

Lokað



OPIÐ ALLA
HELGINA

FlyOver
ICELAND



Hugmynd Sigurlaugar að baki sýningunni er að mála arkitektúr undirmeðvitundarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Svekktt í eina mínútu

Tón- og myndlistarkonan Sigurlaug, einnig þekkt sem Mr. Silla, hefur eytt bróðurparti þeirra ára sem liðið hafa frá því að hún útskrifaðist úr myndlist á tónleikaferðum. Henni gafst loks tækifæri til að vinna að myndlist í faraldrinum en fresta varð sýningunni SUB ARC vegna samkomutakmarkana sem tilkynntar voru í gær.

Til stóð að opna sýninguna SUB ARC eftir tón- og myndlistarkonuna Sigurlaugu Gísladóttur, einnig þekkt sem Mr. Silla, nú á laugardaginn í Gallerí Porti. Eðli málsins samkvæmt hefur þurft að fresta opnun hennar í ljósi samkomutakmarkana. Þetta verður að teljast nokkuð skondið í ljósi þess að Sigurlaug kom til landsins sérstaklega til að vinna að sýningunni, en hún er allajafna búsett í Berlín. Hún tekur þessu þó vel og orðar það sjálf á þann veg að þótt maður verði kannski full í óruttu stund þá skilji hún að sjálfsögðu af hverju þessi ákvörðun var tekin.

„Ég er að gera músík eins og alltaf, en kom sérstaklega hingað til að setja upp þessa sýningu, sem núna er búið að fresta í allavega þrjár vikur. Ég byrjaði aftur að sinna myndlistinni í heimsfaraldrinum. Ég útskrifaðist úr myndlistadeildinni í Listaháskólanum árið 2009, en hef svo verið fyrst og fremst að gera músík og að túra öll þessi ár sem hafa liðið síðan.“

Því skapaðist ákveðið rými fyrir Sigurlaugu til að sinna myndlistinni á ný.

„Maður var aldrei kyrr nógu lengi, ekki til að sinna því af nógu miklu viti. Það var smá gaman að fá allt í einu ár til þess. Þannig að ég hef verið að gera myndbönd og list og síðan fæddist einhvern veginn þessi sýning,“ segir hún.

Eins eða betri

Um það leyti sem Sigurlaug og eiginmaður hennar, tónlist-

ÞAD VAR DÝRMÆTT AÐ FÁ TÍMA TIL AÐ SINNA ÞVÍ AÐ VERÐA BETRI Í EINHVERJU. Í ÞVÍ SAMHENGI VAR ÞETTA GOTT. EN ÉG ER LÍKA ÓPOLANDI JÁKVÆÐ TÝPA.

armaðurinn Jae Tyler, komu hingað til lands í nóvember, hertust samkomutakmarkanir mikið í Berlín. Í ljósi þessa hafa þau haldið sig á landinu þar sem hér hafi ástandið verið mun betra. Segja má að það sé nokkuð kaldhæðnislegt að samkomutakmarkanir og bann á listviðburði sé sett á þremur dögum fyrir opnun sýningarinnar.

„Það verður ekkert verra við að bíða aðeins. Sýningin verður bara eins, eða betri. Ég hlakka bara til að sjá hvað gerist á þessum þremur vikum. Mín fyrstu viðbrögð eru að verða svekktt, en svo er maður fljótur að átta sig á stöðunni. Það þýðir ekkert að vera svekktt yfir þessu. Það þarf bara að taka almennilega á þessu. Forgangsröðunin er svo augljós, þannig að ég var svekktt í eina mínútu. Þetta er alls ekki það versta sem er að koma fyrir fólk í þessu öllu. Ef þetta er það versta, þá er það nú ekki slæmt,“ segir Sigurlaug.

Heiti sýningarinnar er SUB ARC.

„Hugmyndin að baki henni er að mála arkitektúr undirmeðvitundarinnar. Ég imynda mér þessi óljósu rými sem við upplifum oft í draumum. Rými sem heilinn á manni

þyr til. Maður er alltaf að búa til einhver rými sem eru ekki endilega mjög skýr, heldur frekar endalaust breytanleg. Þannig að ég byggi á þeirri hugmynd. Ég skapa rými á litafletinum, en þau eru ekki náttúrulega eða augljós.“

Innblástur í öldum

Margt listafólk talar um að fyrst í byrjun faraldursins hafi það séð tækifærið í að nýta tímann í listsköpun sína. Þegar á faraldurinn leið hafi ástandið haft þreytandi áhrif sem hafi minnkað löngunina til að skapa. Sigurlaug segist kannast við þetta að einhverju leyti.

„Bæði og. Þetta kom í öldum. Maður tók alveg massífa dýfu á tímabili. Það er svo ótrúlega skrytið að hafa starfað sem tónlistarkona í fimmtán ár og svo er atvinnan mín allt í einu ekki til staðar. Engir tónleikar. Það var smá sjókk sem kom ekki alveg strax. En ég er líka það heppin að ég er með önnur „outlet“. Ég hef verið að skjóta og klippa myndbönd, mála og fleira. Allt eitthvað sem er mikil einstaklingsvinna.“

Sigurlaug viðurkennir að þetta hafi því bæði verið gaman og erfitt.

„En það var dýrmætt að fá tíma til að sinna því að verða betri í einhverju. Í því samhengi var þetta gott. En ég er líka ópolandi jákvæð týpa. Ég var til dæmis oft að elda í þrjá til fjóra tíma á dag. Ég hafði mjög gaman af því.“

Sýningin SUB ARC verður opnuð um leið og aðstæður í þjóðfélaginu leyfa, sem verður vonandi sem fyrst.

„Þetta hlýtur að ganga. Ég hef fulla trú á þessu. Opnar vonandi eftir þrjár vikur. Og ef ekki þá? Þá bara seinna.“

steingerdur@frettabladid.is

BYKO

Nýtt blað á byko.is




Fullt blað af frábærum tilboðum



Stútfullt af tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



20% afsláttur af öllum vöfflujárnnum

Alþjóðlegi vöfflu-dagurinn er 25. mars



Vinnur þú **Litaráðgjöf & málningu?**

Allar nánari upplýsingar á [instagramsíðu BYKO](#) og [Karenar](#)
Karen Ósk Magnúsdóttir, innanhúsráðgjafi

Taktu þátt!

Taktu þátt í myndaleik Skreytum hús á Facebook

Þú setur inn mynd af því rými sem þig langar til að breyta heima hjá þér á færslu leiksins á facebooksíðu Skreytum hús. **Soffía Dögg**, ásamt dómnefnd frá BYKO, velur bestu myndina. Eigandi myndarinnar fær 100.000 kr inneign í BYKO. Að auki verða valdir tveir aukavinningshafar sem fá 35.000 kr inneign.



Þiljur
Náttúruleg eik, hljóðdempandi, 60x240 cm
16.295 kr/m²
0111760

Þiljur
Hnota, hljóðdempandi, 60x240 cm
17.295 kr/m²
0111761

Nýtt



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Verlaðu á netinu á [byko.is](#)

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.isAUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.isPRENTUN
Torg ehf.DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Thomasar
Möller

Sáttastjórnsmál

Frá unglingsárum mínum hef ég fylgst með stjórnsmálum af áhuga. Ég man eftir átökum milli kommúnisma og kapitalisma sem lauk með falli Berlínarmúrins. Tekist var á um EFTA, álverið í Straumsvík og Varnarliðið. Það eina sem við virtumst sammála um var stækkun landhelginnar, ágæti Viðreisnarstjórnarinnar og Búrfellsvirkjun.

Síðar hófust átök um EES og ESB, gengisfellingar og vísitöluna. Í dag er deilt um takmarkanir á landamærum, nýja stjórnarskrá, auðlindagjöld, hálendisþjóðgarðinn, krónuna, misvægi atkvæða og viðbrögðin við COVID-19. Deilt er um Sundabraut, Reykjavíkurlflugvöll, Borgarlinuna auk loftslagsmála og málefni hælisleitenda.

Þessi litla þjóð virðist sammála um að vera ósammála í flestum málum. Hagsmunir takast á að sjálfsögðu sem leiðir til sífelldra átaka milli hagsmunaaðila, bæði sérhagsmuna og almannahagsmuna. Að mínu mati snúast næstu kosningar um leiðir til að leita sátta um öll þessi ágreiningsmál. Að finna „vinn-vinn“ eins og það heitir í samningatækni. Vinna að því að finna sameiginlega hagsmuni í stað togstreitu milli sérhagsmuna.

Það væri miklu betra fyrir landbúnaðinn, sjávarútveginn, loftslagsmálin og almenning ef sæmileg sátt ríkti um stærra mál þjóðarinnar í stað átaka og sundrungar. Ég tel að næsta ríkisstjórn eigi að hafa það sem forgangsmál að koma á sáttum í þessum stóru málum. Við hljótum að geta sameinast um það sem mestu máli skiptir fyrir okkur öll. Fækkum þrætueplunum, finnum sameiginlega hagsmuni og komum á sáttum.

Á morgun eru sex mánuðir til kosninga. Ég vona að næsta ríkisstjórn verði stjórn sátta og samvinnu þar sem hagsmunir almennings verði hafðir að leiðarljósi. Þá verður líka svo miklu skemmtilegra að búa á Íslandi.



5G

er mætt
hjá Nova

Hvað ætlar þú að gera í því?

5G er mætt með meiri hraða, nýjum tækifærum og endalausum ævintýrum. Dansgólfið er uppfært og klárt fyrir þig að dansa á. Vertu með í gleðinni á stærsta skemmtistað í heimi.

nova.is

INOVA

STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
Í HEIMI